



---

BANKASÝSLA RÍKISINS

*Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins*  
*2017*



*Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins*  
*2017*

Júlí 2017

---

**EFNISYFIRLIT**

<b>SKILGREININGAR.....</b>	<b>3</b>
<b>INNGANGUR.....</b>	<b>4</b>
<b>STARFSEMI BANKASÝSLUNNAR.....</b>	<b>7</b>
■ <b>LÖGBUNDIÐ HLUTVERK OG VERKEFNI .....</b>	<b>7</b>
■ <b>FRAMKVÆMD EIGANDASTEFNU RÍKISINS .....</b>	<b>14</b>
■ <b>STJÓRN OG STARFSMENN .....</b>	<b>18</b>
■ <b>VALNEFND.....</b>	<b>18</b>
■ <b>LISTI YFIR STJÓRNARMENN BANKASÝSLUNNAR SEM KJÖRNIR VORU Á AÐALFUNDUM 2017.....</b>	<b>19</b>
<b>REKSTUR FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA Á ÁRINU 2016.....</b>	<b>20</b>
■ <b>REKSTUR VIÐSKIPTABANKANNA 2016 .....</b>	<b>20</b>
■ <b>REKSTRARREIKNINGUR VIÐSKIPTABANKANNA.....</b>	<b>27</b>
■ <b>EFTNAHAGSREIKNINGUR VIÐSKIPTABANKANNA .....</b>	<b>32</b>
■ <b>ARION BANKI .....</b>	<b>34</b>
■ <b>ÍSLANDBANKI .....</b>	<b>36</b>
■ <b>LANDSBANKINN .....</b>	<b>38</b>
■ <b>SPARISJÓÐUR AUSTURLANDS HF. ....</b>	<b>40</b>

---

## Skilgreiningar

Arion banki	Arion banki hf.
Bankasýslan	Bankasýsla ríkisins
FME	Fjármálaeftirlitið
Glitnir	Glitnir HoldCo ehf. (áður Glitnir hf. og Glitnir banki hf.)
Íslandsbanki	Íslandsbanki hf.
Kaupþing	Kaupþing ehf. (áður Kaupþing hf og Kaupþing banki hf.)
Landsbankinn	Landsbankinn hf. (áður NBI hf.)
LBI	LBI hf. (áður Landsbanki Íslands hf.)
Lög um Bankasýsluna	Lög nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins
Lög um fjármálafyrirtæki	Lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Lög um hlutafélög	Lög nr. 2/1995 um hlutafélög
Lög um sölumeðferð eignarhluta	Lög nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármála- fyrirtækjum
m.kr.	Milljónir króna
ma.kr.	Milljarðar króna
Seðlabankinn	Seðlabanki Íslands
TIF	Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta
þ.	Þúsund
þús.kr.	Þúsundir króna
VLF	Verg landsframleiðsla

---

## Inngangur

Bankasýsla ríkisins gefur nú í áttunda sinn út ársskýrslu sína í samræmi við ákvæði 8. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins, en þar segir að „Bankasýsla ríkisins [skuli] gefa [fjármála- og efnahagsráðherra] ítarlega skýrslu um starfsemi sína fyrir 1. júní ár hvert“. Með þessari skýrslu birtir Bankasýslan í fimmta sinn ársskýrslu sína eingöngu með rafrænum hætti. Er í skýrslunni fjallað um starfsemi stofnunarinnar fyrir árið 2016 og þar með talið aðalfundi þeirra fjármálafyrirtækja, sem hún fer með eignarhluti í og haldnir voru á tímabilinu frá 9. mars til 4. apríl 2017. (Í skýrslu stofnunarinnar í fyrra var fjallað um aðalfundi sem haldnir voru á árinu 2016.) Samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2016 fór stofnunin með 28,9% af bókfærðu virði eigna A-hluta ríkissjóðs í lok þess árs, eða samtals 325,5 ma.kr., eins og sjá má í töflu 1.

**Tafla 1. Efnahagsreikningur A-hluta ríkissjóðs 31. desember, 2016 (fjárhæðir í ma.kr.)**


<u>Eignarliðir</u>	<u>Fjárhæð</u>	<u>Hlutfall</u>
Arion banki	9,9	1,0%
Íslandsbanki	172,3	15,1%
Landsbankinn	<u>147,2</u>	<u>12,9%</u>
Eignarhlutir í viðskiptabönkum	329,3	28,9%
Eignarhlutir í sparisjóðum	<u>0,2</u>	<u>0,0%</u>
Samtals eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum	329,5	28,9%
Aðrar eignir	<u>811,1</u>	<u>71,1%</u>
Samtals eignir	1.140,5	100,0%

Árið 2016 var afar viðburðarríkt hjá stofnuninni. Þann 31. janúar var tilkynnt að Glitnir hefði undirritað samning um afhendingu á 95% hlut félagsins í Íslandsbanka sem stöðugleikaframlag til íslenska ríkisins.<sup>1</sup> Af þeim sökum varð veruleg aukning á eignarhlutum ríkisins, eins og sýnt er á mynd 1, sem sýnir hlutdeild ríkisins í undirliggjandi bókfærðu eigin fé viðskiptabanka (þ.e. Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans) í samanburði við önnur ríki í Evrópu í árslok 2016. Myndin sýnir annars vegar hlut ríkisins sem hlutfall af opinberum skuldum í árslok 2015 og hins vegar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) sama árs. Myndin sýnir glöggst hversu gríðarlega há fjárbinding ríkissjóðs í eignarhlutum í viðskiptabönkum er í samanburði við önnur ríki Evrópu. Þannig jókst hún á milli 2015 og 2016 úr 13,8% í 18,7% sem hlutfall af VLF, en hlutfallið var 3,6% í árslok 1997, þegar ríkissjóður átti allt hlutafé í Búnaðarbanka Íslands hf., Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og Landsbanka Íslands hf., eins og sjá má á mynd 2.


---

<sup>1</sup> Þann 10. mars 2016 fékk Bankasýsla ríkisins 95% eignarhlut afhentan til umsýslu.

**Mynd 1: Hlutar ríkissjóða í Evrópu í bókfærðu eigin fé viðskiptabanka í þeirra eigu í árslok 2016 <sup>2</sup>**



**Mynd 2: Hlutar ríkissjóðs í bókfærðu eigin fé viðskiptabanka sem hlutfall af VLF 1997-2016**



<sup>2</sup> Heimild: Bankasýsla ríkisins, Hagstofa Íslands, Stative og ársskýrslur undirliggjandi banka. Bókfært eigið fé hluthafa og skuldir hins opinbera (Maastricht skilgreiningin) í árslok 2016 og verg landsframleiðsla (VLF) á árinu 2016.

Þá tók Bankasýslan á árinu fyrstu skrefin í átt að sölu á eignarhlutum í Landsbankanum með útgáfu sérstakrar skýrslu, *Eignarhald og sala á Landsbankanum hf.: Stöðuskýrsla varðandi fyrirhugaða sölumeðferð*, þann 8. janúar 2016. Fimm mánuðum seinna, eða þann 3. maí sama ár birti Bankasýsla ríkisins svo fréttatilkynningu þess efnis að ráðningu ráðgjafa vegna fyrirhugaðs sölufelkis á eignarhlut í Landsbankanum yrði frestað og sölufelri endurskoðað í samráði við stjórnvöld og Alþingi. Því til viðbótar má nefna umfangsmikla úttekt af hálfu stofnunarinnar vegna sölu Landsbankans á hlutum í Borgun hf. Að lokum útbjó Bankasýslan stefnu fyrir starfsemi sína, í tengslum við stefnumótun ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára, sbr. 31. gr. laga nr. 675/2015 um opinber fjármál.

---

## Starfsemi Bankasýslunnar

### ■ Lögbundið hlutverk og verkefni

Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins „fer [stofnunin] með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við lög, góða stjórnarsýslu- og viðskiptahætti og eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma, og leggur þeim til fé fyrir hönd ríkisins á grundvelli heimildar í fjárlögum“.

Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti ríkisins í þremur viðskiptabönkum og einum sparisjóð. Stofnunin fer nú með 13,0% hlutfjár í Arion banka, með allt hlutfé í Íslandsbanka og 98,2% hlutfjár í Landsbankanum. Stofnunin fer jafnframt með 49,5% hlutfjár í Sparisjóði Austurlands hf. (áður Sparisjóður Norðfjarðar ses.).

Samkvæmt áðurgreindu ákvæði skal stofnunin í starfsemi sinni „leggja áherslu á endurreisn og uppbyggingu öflugs innlends fjármálamarkaðar og stuðla að virkri og eðlilegri samkeppni á þeim markaði, tryggja gagnsæi í allri ákvarðanatöku varðandi þátttöku ríkisins í fjármálastarfsemi og tryggja virka upplýsingamiðlun til almennings“.

Stofnunin útfærði lögbundið hlutverk sitt með þrennum hætti í framtíðarstefnu sem birt var þann 16. mars 2012: (a) eigendahlutverk, (b) endursöluhlutverk og (c) endurreisnarhlutverk. Með endurreisnarhlutverki sínu hefur Bankasýsla ríkisins sett sér það markmið að vera virkur aðili í miðlun þekkingar og umræðu um lausnir í íslenska bankakerfinu, jafnt gagnvart íslensku samfélagi sem alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Bankasýsla ríkisins hefur jafnframt lagt mikla áherslu á að tryggja gagnsæi í allri ákvörðunartöku. Í þessari skýrslu eru t.d. birtar niðurstöður allra funda hluthafa viðkomandi fjármálafyrirtækja. Gerir stofnunin jafnframt grein fyrir því hvernig hún fer með atkvæði ríkissjóðs á þessum fundum við afgreiðslu tillagna.

### Eignarhlutir ríkisins

Samkvæmt ákvæði a-lið 4. gr. laga um nr. 88/2009 á stofnunin „[a]ð fara með eignarhluti ríkisins í fyrirtækjum og félögum, sbr. 1. gr. [laganna]“ og skv. b-lið „[a]ð sjá um samskipti ríkisins við fjármálafyrirtæki sem ríkið á eignarhluti í og tengjast eigendahlutverki þess [og fara samskiptin] fram í gegnum bankaráð og stjórnir fjármálafyrirtækjanna“. Fundað er með nýjum stjórnarmönnum þegar þeir taka sæti í stjórn og þeim kynnt lög nr. 88/2009, eigendastefna ríkisins og áherslur og framtíðarsýn stofnunarinnar.

#### *Breyting á hluthafasamkomulagi við Kaupskil ehf.*

Í lok árs 2015 óskaði Kaupskil ehf. eftir viðræðum við Bankasýslu ríkisins varðandi hluthafasamkomulag vegna eignarhluta aðila í Arion banka vegna fyrirhugaðrar sölumeðferðar Kaupskila á 87% eignarhlut í bankanum. Í ljósi undirliggjandi hagsmuna ríkissjóðs vegna sölu á hlutum Kaupskila í bankanum var það ákvörðun stofnunarinnar að gera breytingar á samkomulaginu, m.a. varðandi niðurfellingu á (i) rétti íslenska ríkisins að fylgja með í sölu (e. tag-along), (2) skyldu um að nýir hluthafar yrðu hluti af hluthafasamkomulaginu og (3) neitunarrétt varðandi tiltekin atriði við sölu umfram ákveðin mörk. Samkomulagið var undirritað í janúar 2016.



### *Ráðning Íslandsbanka á fjármálaráðgjafa*

Haustið 2016 réð Íslandsbanki JP Morgan til að veita bankanum fjármálaráðgjöf. Bankasýslan var þátttakandi í þessu ráðningarferli. Ferlið hófst með samskiptum bankans og stofnunarinnar um umfang verkefnisins. Það var sameiginleg niðurstaða að verkefnið skyldi skilgreinast sem athugun á endurskipulagningu á fjármagnsskipan bankans og öðrum þáttum í tengslum við undirbúning á mögulegri sölumeðferð á eignarhlut íslenska ríkisins í bankanum. Bauð bankinn sex alþjóðlega viðurkenndum fjárfestingarbönkum til viðræðna og kynninga, sem bankinn og stofnunin tóku þátt í. Var það niðurstaða Íslandsbanka eftir samskipti við stofnunina að ráða JP Morgan til verkefnisins. Leiddi vinna JP Morgan m.a. til þess að bankinn ákvað að greiða ríkissjóði sérstaka arðgreiðslu að fjárhæð 27 ma.kr. þann 20. desember sl.

### *Endurkaupaáætlun Landsbankans*

Þann 1. september 2016 var aflétt sölubanni, sem hvíldi á hlutum í eigu annarra hluthafa Landsbankans en íslenska ríkisins. Þegar bannið var sett var gert ráð fyrir að skráningu hluta í bankanum á skipulegan verðbréfamarkað yrði lokið fyrir þann tíma. Á aðalfundi bankans þann 14. apríl 2016 var samþykkt tillaga þess efnis að bankinn mætti kaupa allt að 10% af eigin hlutabréfum. Ákvað bankinn að heildar kaup bankans myndu ekki nema meira en 480 milljónum hluta eða sem nemur 2,0% af útgefnu hlutafé. Af hálfu bankans var ákveðið að hafa þrjú endurkaupatímabil. Það fyrsta var frá 19. september til 30. september 2016. Annað tímabil var frá 31. október til 9. desember 2016 og það þriðja var frá 13. febrúar til 24. febrúar 2017. Þann 15. september sl. tilkynnti Bankasýslan um áform sín um að leggja fram tillögu til ráðherra um sölu eignarhluta í Landsbankanum til bankans sjálfs á síðari endurkaupatímabilum. Í ljósi mikillar þátttöku annarra hluthafa, lágrar eftistandandi fjárhæðar til endurkaupa og fyrirætlana bankans um arðgreiðslur á árinu 2017 var endanleg niðurstaða þó að taka ekki þátt í endurkaupaáætlun bankans.

### **Fundir hluthafa**

#### *Inngangur*

Skv. ákvæði d-liðar 4. gr. laga nr. 88/2009 fer stofnunin með atkvæði ríkissjóðs á hluthafafundum fjármálafyrirtækja og á fundum stofnfjáreigenda sparisjóða. Bankasýsla ríkisins hefur rétt á því að tilnefna einn fulltrúa í stjórn Arion banka, en Kaupskil ehf., sem fer með 87,0% eignarhlut, hefur rétt á því að tilnefna aðra fulltrúa í stjórn bankans. Bankasýsla ríkisins hefur einnig rétt á því að tilnefna alla sjö fulltrúa í stjórn Íslandsbanka og alla sjö fulltrúa í stjórn Landsbankans. Stofnunin tilnefnir síðan tvo stjórnarmenn í Sparisjóði Austurlands hf. og einn varamann.

Þann 15. september 2016 var haldinn hluthafafundur í Arion banka. Á þeim fundi voru samþykktar einróma breytingar á stjórn félagsins, nánar tiltekið að stjórn félagsins væri skipuð fimm til átta mönnum ásamt því að einfaldur meirihluti stjórnar réði nú afgreiðslu mála. Nýr inn í stjórn bankans var þá kjörinn John P. Madden sem fulltrúi Kaupþings. Þann 9. desember 2016 og 3. febrúar 2017 voru haldnir hluthafafundir í Arion banka, þar sem samþykktar voru breytingar á samþykktum bankans.

Þann 20. desember 2016 hélt Íslandsbanki hluthafafund þar sem samþykkt var tillaga stjórnar um arðgreiðslu til hluthafa að fjárhæð 27,0 ma.kr. Er þetta stærsta arðgreiðsla sem íslenskt hlutafélag hefur reitt af hendi.

Á tímabilinu 9. mars til 4. apríl 2017 voru haldnir aðalfundir allra viðskiptabankanna og Sparisjóðs Austurlands vegna rekstrarársins 2017. Aðalfundur Arion banka var haldinn 9. mars í höfuðstöðvum

bankans, aðalfundur Landsbankans var haldinn 22. mars og aðalfundur Íslandsbanka 23. mars í Hörpunni og aðalfundur Sparisjóðs Austurlands hf. var haldinn 4. apríl í Safnahúsinu Neskaupstað.

#### *Aðalfundur Arion banka*

Á fundinum voru eftirfarandi endurkjörnir í stjórn bankans: Brynjólfur Bjarnason, Guðrún Johnsen, John P. Madden, Måns Höglund, Monica Caneman, Þóra Hallgrímsdóttir ásamt Kirstín Þ. Flygenring, sem er fulltrúi Bankasýslu ríkisins. Jafnframt var Jakob Már Ásmundsson kjörinn nýr í stjórn bankans en Benedikt Olgeirsson hætti í stjórninni. Kirstín er fulltrúi Bankasýslu ríkisins í stjórninni, aðrir eru tilnefndir af Kaupskilum. Varamenn í stjórn bankans voru einnig endurkjörnir. Varamenn eru Björg Arnardóttir, Ólafur Örn Svansson og Sigurlaug Ásta Jónsdóttir, sem er fulltrúi Bankasýslu ríkisins.

Á fundinum var samþykkt tillaga um að greiða ekki arð til hluthafa en tekið fram að stjórn bankans hefur víðtæka heimild til að leggja fram tillögu um arðgreiðslu eða aðra ráðstöfun eiginfjár og því mun stjórn bankans mögulega boða til aukahluthafafundar síðar á árinu þar sem tillaga um slíka ráðstöfun yrði lögð fyrir. Einnig voru samþykktar tillögur um þóknun stjórnar og tillaga stjórnar um starfskjarastefnu. Bankasýsla ríkisins greiddi atkvæði gegn tillögu um þóknun stjórnar og lét færa bókun þar um að hækkunin sem fælist í umræddri tillögu samræmdist ekki eigandastefnu ríkisins. Jafnframt ítrekaði stofnunin fyrri bókanir um mikilvægi þess að jafnræðis væri gætt á milli stjórnarmanna varðandi þóknun hvort sem þeir hafa aðsetur á Íslandi eða ekki. Stofnunin sat hjá við atkvæðagreiðslu um starfskjarastefnu. Aðrar tillögur voru samþykktar einróma.

Deloitte ehf. er endurskoðandi Arion banka.

#### *Aðalfundur Íslandsbanka*

Á aðalfundi Íslandsbanka þann 23. mars sl. fór Bankasýsla ríkisins með 100% atkvæðishlut. Á fundinum var samþykkt að greiða tæplega 50% af hagnaði síðasta árs í arð sem samsvarar 10 ma.kr. Ennfremur voru eftirtaldir einstaklingar kjörnir í stjórn, Friðrik Sophusson, stjórnarformaður, Árni Stefánsson, Anna Þórðardóttir, Auður Finnbogadóttir, Hallgrímur Snorrason, Heiðrún Jónsdóttir og Helga Valfells. Varamenn voru kjörnir Herdís Gunnarsdóttir og Pálmi Kristinsson. Á fundinum voru einnig samþykktar tillögur um þóknun stjórnar, um starfskjarastefnu og um endurskoðunarfélag bankans.

Ernst og Young ehf. er endurskoðandi Íslandsbanka.<sup>3</sup>

#### *Aðalfundur Landsbankans*

Aðalfundur Landsbankans fór fram þann 22. mars 2017. Bankasýsla ríkisins fór með 98,2% hlut í bankanum þegar aðalfundur var haldinn, og eru því allir stjórnarmenn fulltrúar stofnunarinnar. Á aðalfundi Landsbankans voru eftirfarandi einstaklingar kjörnir í stjórn: Helga Björk Eiríksdóttir, stjórnarformaður, Berglind Svavarsdóttir, Einar Þór Bjarnason, Hersir Sigurgeirsson, Jón Guðmann Pétursson, Magnús Pétursson og Sigríður Benediktsdóttir. Varamenn voru kjörnir Ásta Dís Óladóttir og Samúel Guðmundsson. Eru Sigríður og Ásta Dís nýir stjórnarmenn, sem komu í stað Danielle Neben og Ásbjargar Kristinsdóttur.

Á fundinum voru einróma samþykktar tillögur um útgreiðslu arðs, annars vegar arðgreiðsla upp á 0,55 kr. á hlut að fjárhæð 13,2 ma.kr. og hins vegar sérstaka arðgreiðslu upp á 0,5 kr. á hlut að fjárhæð 12,0

---

<sup>3</sup> Hér skal tekið fram að vegna eignarhalds ríkisins á Íslandsbanka og Landsbankanum er Ríkisendurskoðun endurskoðandi bankanna, en með sérstökum samningi fer endurskoðunin fram af hálfu annarra endurskoðunarfélaga.

ma.kr. Gjalddagi fyrri arðgreiðslu var 29. mars og gjalddagi þeirrar seinni er 20. september nk. Einnig voru samþykktar allar aðrar tillögur eins og um þóknun stjórnar, tillögur stjórnar um starfskjarastefnu og heimild til kaupa á eigin hlutum og endurskoðunarfélag bankans.

Grant Thornton endurskoðun ehf. er endurskoðandi Landsbankans.

#### *Aðalfundur Sparisjóðs Austurlands hf.*

Fundurinn var haldinn þann 4. apríl sl. Á fundinum var samþykkt tillaga um að greiða ekki arð. Einnig var samþykkt tillaga um þóknun stjórnar og tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.

Í stjórn Sparisjóðs Austurlands hf. voru kjörin þau Regína Fanný Guðmundsdóttir og Sigurður Hafsteinn Pálsson, sem eru fulltrúar Bankasýslu ríkisins. Aðrir stjórnarmenn eru Jón Einar Marteinnsson, Jón Björn Hákonarson og Jóna Árný Þórðardóttir. Varamenn eru Valdimar O. Hermannsson og Guðmundur J. Skúlason. Enor ehf. var kosinn endurskoðandi Sparisjóðs Austurlands hf.

#### **Samningar við stjórnir fyrirtækja**

Skv. e-lið 4. gr. laga nr. 88/2009 á stofnunin „[a]ð gera samninga við stjórnir hlutaðeigandi fjármálafyrirtækja, þar á meðal um eiginfjárframlög og um sérstök og almenn markmið í rekstri þeirra [og setja] þau skilyrði sem hún telur nauðsynleg vegna eiginfjárframlaga [og birta útdrætti] úr samningum opinberlega 12 mánuðum eftir að þeir hafa verið gerðir“.

Þann 16. desember 2010 var gerður samningur um almenn og sértæk markmið í rekstri Landsbankans, sem er enn í gildi. Fyrirhugað er að hefja endurskoðun á þessum samningi á þessu ári.

Viðræður um samning um almenn og sértæk markmið í rekstri Íslandsbanka eru komnar af stað og gert er ráð fyrir að ljúka þeim á þessu ári, í kjölfar birtingar á uppfærðri eigandastefnu ríkisins.

#### **Tillögur um fjármögnun, endurskipulagningu og sölu eignarhluta**

Skv. g-lið 4. gr. laga nr. 88/2009 á stofnunin „[a]ð gera tillögur til fjármálaráðherra um frekari fjármögnun fjármálafyrirtækja á grundvelli hlutverks og markmiða stofnunarinnar“. Bankasýsla ríkisins lagði ekki fram tillögur um frekari fjármögnun fjármálafyrirtækja á árinu 2015 og gerði það heldur ekki á árinu 2016.

Skv. h-lið 4. gr. laga nr. 88/2009 á stofnunin „[a]ð meta og setja skilyrði um endurskipulagningu og sameiningu fjármálafyrirtækja með hliðsjón af hlutverki og markmiðum stofnunarinnar og eigendastefnu ríkisins“.

Skv. i-lið 4. gr. laga nr. 88/2009 á stofnunin „a[ð] gera tillögur til fjármálaráðherra um hvort og hvenær tilteknir eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum verða boðnir til sölu á almennum markaði með hliðsjón af markmiðum stofnunarinnar og í samræmi við gildandi lög og markmið um dreifða eignaraðild“, og skv. j-lið laganna „[a]ð undirbúa og vinna tillögur um sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum“.

### *Stöðuskýrsla*

Bankasýsla ríkisins gaf út skýrslu þann 8. janúar 2016 sem bar nafnið *Eignarhald og sala á Landsbankanum hf.: Stöðuskýrsla varðandi fyrirhugaða sölumeðferð*. Skýrslan er mjög ítarleg eða 95 blaðsíður að lengd með viðaukum.

Þar kom fram af hálfu stofnunarinnar að Bankasýsla ríkisins teldi á þeirri stundu líklegast að hún myndi leggja fram sem aðaltillögu til ráðherra sölu á allt að 28,2% eignarhlut ríkisins í Landsbankanum með almennu útboði og skráningu hluta á skipulegan verðbréfamarkað. Þá taldi stofnunin ákjósanlegt að ráðast í útgreiðslu á viðeigandi fjárhæð af eigin fé Landsbankans áður en hafist verði handa við sölu á eignarhlutum í bankanum. Einnig kom það fram að það væri mat stofnunarinnar að almennt útboð og skráning hluta á skipulegan verðbréfamarkað uppfyllti öll skilyrði meginreglna sem gilda um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum, sbr. lög nr. 88/2009 og lög nr. 155/2012.

Var skýrslan kynnt fyrir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis ásamt öllum þingflokki stjórnmálaflokka á Alþingi.

Eftir töluverðar fyrirspurnir frá erlendum aðilum var skýrslan þýdd yfir á ensku og birt á heimasíðu stofnunarinnar.

### *Ráðning ráðgjafa*

Í kjölfar útgáfu framangreindrar stöðuskýrslu hóf stofnunin ferli við að ráða ráðgjafa við mögulega sölu á eignarhlutum ríkisins í Landsbankanum.

Þann 20. janúar 2016 var birt auglýsing í íslenskum fjölmiðlum og á evrópskum útboðsvef þar sem Bankasýsla ríkisins óskaði eftir yfirlýsingum frá áhugasömum aðilum um framangreint ráðgjafarhlutverk. Bankasýsla ríkisins hafði áður óskað eftir aðstoð og ráðgjöf Ríkiskaupa sem var fúslega veitt.

Stofnunin bærust 17 slíkar yfirlýsingar. Innan Bankasýslu ríkisins fór fram ítarleg skoðun á þessum yfirlýsingum og voru aðilum gefnar einkunnir í samræmi við fyrirfram gefna mælikvarða og raðað í styrkleikaröð. Sömuleiðis voru gerð drög að erindi til sex alþjóðlegra fjárfestingabanka þar sem þeim átti að vera gefinn kostur á taka þátt í samkeppnisviðræðum um mögulegt ráðgjafarhlutverk. Við þennan undirbúning átti Bankasýsla ríkisins samskipti við UKFI og NLFI til að nýta sér reynslu þessara stofnana af undirbúningi á sölu á hlutum í Lloyds, RBS og ABN AMRO.

Framangreint ferli var síðan sett í bið með yfirlýsingu Bankasýslu ríkisins þann 3. maí 2016 þar sem fram kom að eftir að ráðningarferlið hefði byrjað hefðu orðið breytingar á aðstæðum þar sem stefndi í að kosningar til Alþingis yrðu haldnar um haustið í stað næsta vors. Væri því ljóst að fyrirhugað sölufarli yrði ekki eins og stofnunin hefði lagt upp með og myndi því endurskoða það í samráði við stjórnvöld og Alþingi. Því var ákvörðun um ráðningu ráðgjafa vegna söluferlis á eignarhlutum ríkisins í Landsbankanum frestað um ótilgreindan tíma.

### *Samningur við Arion banka, Kaupþing og Kaupskil vegna sölumeðferðar*

Með bréfi frá Arion banka, dags. 4. maí 2016, var því komið á framfæri við Bankasýslu ríkisins að Kaupskil ehf. hefði óskað eftir aðstoð bankans við sölumeðferð á eignarhlutum félagsins í bankanum. Það var talið mikilvægt af hálfu bankans að gert yrði samkomulag milli aðila um ferlið, t.d. um aðgang að upplýsingum, skyldur ráðgjafa og kostnaðarskiptingu.

Bréfaskipti og samningaviðræður áttu sér stað á tímabilinu maí til ágúst 2016. Undirritað var samkomulag þann 12. ágúst 2016. Í því fólst að hluthafar heimiluðu Arion banka að aðstoða og miðla upplýsingum til Kaupskila/Kaupþings vegna sölumeðferðar og að Bankasýsla ríkisins hefði sama rétt til aðstoðar og upplýsinga.

Eftirlitsaðili ríkisins með sölu á eignarhlutum í Arion banka vegna stöðuleikaframlags var hafður með í ráðum vegna þessa samnings og m.a. hefur Bankasýsla ríkisins heimild til að deila með honum upplýsingum úr lokaskýrslum vegna áreiðanleikakönnunar. Einnig kemur skýrt fram að eftirlitsaðilinn getur fengið slíka skýrslu þannig að hann geti reitt sig á hana (e. reliance basis), ef hann fyrirhugar að nýta rétt íslenska ríkisins um að stíga inn í sölu Kaupskila á eignarhlut sínum í bankanum (e. step-in right).

### **Samkeppnissjónarmið**

Skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 88/2009 „skal [stofnunin] í starfsemi sinni og við meðferð eignarhluta ríkisins kappkosta að efla og styrkja samkeppni á fjármálamarkaði, m.a. með því að stuðla að því að öflug og virk samkeppni ríki milli fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins“.

Skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 88/2009 „skal þess [við starfsemi stofnunarinnar] vandlega gætt að trúnaðarupplýsingar um rekstur og starfsemi einstakra fjármálafyrirtækja sem hún fær vitneskju um berist ekki til annarra fjármálafyrirtækja“.

#### *Sátt við Samkeppniseftirlitið og samþykki Fjármálaeftirlitsins á virkum eignarhlutum*

Með yfirtöku íslenska ríkisins þann 31. janúar 2016 á 95% eignarhlut í Íslandsbanka hf. myndaðist tilkynningarskylda til Samkeppniseftirlitsins, sbr. ákvæði 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005, þar sem íslenska ríkið átti fyrir meirihluta í Landsbankanum og féll því yfirtakan undir samrunaákvæði nefndra laga. Í samstarfi við Bankasýslu ríkisins tilkynnti ráðuneytið um samrunann til Samkeppniseftirlitsins.

Eftir viðræður Bankasýslu ríkisins, ráðuneytisins og Samkeppniseftirlitsins var talinn grundvöllur til sáttaviðræðna. Í því skyni óskaði ráðuneytið í lok janúar 2016 eftir því við Bankasýslu ríkisins að hún gerði drög að sátt sem yrði grundvöllur viðræðna. Í byrjun febrúar voru slík drög send til ráðuneytis sem voru síðan í öllum aðalatriðum samþykkt af hálfu ráðuneytis og Samkeppniseftirlitsins.

Var sáttin undirrituð af hálfu Bankasýslu ríkisins, ráðuneytis, Íslandsbanka, Landsbankans og Samkeppniseftirlitsins þann 11. mars 2016 og þann sama dag birtist ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 9/2016 *Framsál Glitnis hf. á 95% hlutafjár Íslandsbanka hf. til Ríkissjóðs Íslands*.

Á sama tíma var útbúin af hálfu ráðuneytis í samstarfi við Bankasýslu ríkisins tilkynning til Fjármálaeftirlitsins í samræmi við ákvæði 40. og 41. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki varðandi virkan eignarhlut. Þurftu m.a. stjórn Bankasýslu ríkisins og forstjóri að afhenda eftirlitinu ítarlegar persónulegar fjármálaupplýsingar. Þann 3. febrúar 2016 komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkinu og Bankasýslu ríkisins væri heimilt að halda á 100% virkum eignarhlut í Íslandsbanka hf. en einnig að sömu aðilum væri heimilt að fara með yfir 50% virkan eignarhlut með óbeinni hlutdeild í Íslandssjóðum hf., Borgun hf. og Summu Rekstrarfélagi hf. í gegnum fyrirhugað eignarhald sitt í Íslandsbanka hf.

Á grundvelli framangreindrar sáttar við Samkeppniseftirlitið samþykkti stjórn Bankasýslu ríkisins verklagsreglur varðandi öflun, vörslu og miðlun upplýsinga frá fjármálafyrirtækjum.

Markmið þeirra er (a) að tryggja að öflun, varsla og miðlun upplýsinga af hálfu Bankasýslu ríkisins sé vönduð og hafi á engan hátt áhrif á samkeppni milli fjármálafyrirtækja sem hún fer með eignarhlut í og (b) að gæta þess vandlega að trúnaðarupplýsingar um rekstur og starfsemi einstakra fjármálafyrirtækja sem hún fær vitneskju um berist ekki til annarra fjármálafyrirtækja. Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar.

## ■ Framkvæmd eigandastefnu ríkisins

Skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 88/2009, fer „Bankasýsla ríkisins [með] eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við.. eigandastefnu ríkisins á hverjum tíma“. Skv. c-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin „[a]ð hafa eftirlit með framkvæmd eigandastefnu ríkisins eins og hún er á hverjum tíma“.

Eigandastefna ríkisins var birt 1. september 2009. Er stefnan fjórþætt og fjallar um markmið ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum, skipulag eigandahlutverksins innan ríkisins, meginreglur sem ríkið setur sér sem eigandi og loks kröfur og viðmið í rekstri fjármálafyrirtækja, sem ríkið á hluti í. Verður hér fjallað um hvern þátt og hvernig Bankasýsla ríkisins hagaði starfsemi sinni á nýliðnu starfsári í samræmi við gildandi eigandastefnu. Þess ber að geta að endurskoðun á eigandastefnu ríkisins hófst á haustmánuðum 2016. Hafði Bankasýslan tækifæri á að gera athugasemdir við drög að nýrri eigandastefnu.

Nánari upplýsingar um eigandastefnu ríkisins er að finna á heimasíðu stofnunarinnar.

### **Markmið ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum**

Ef fyrst er litið til markmiða ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum, þá lýtur það þremur meginmarkmiðum og fjórum undirmarkmiðum. Hafa Bankasýslan og fjármálafyrirtækin sjálf unnið ötullega að þessum markmiðum. Hlutfall vanskilalána hefur lækkað, eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækjanna batnað og útlán til viðskiptavina vaxið. Þá hækkaði lánshæfismat íslenskra banka fyrir skuldbindingar í erlendri mynt um tvö þrep, úr BB+ yfir í BBB, á árunum 2014 til 2016. Hefur þessi styrking leitt til lækkunar á fjármagnskostnaði þeirra og aukið traust þeirra á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Íslenskir bankar voru á meðal þeirra fyrstu í Evrópu eftir bankakreppuna að greiða arð til hluthafa sinna, bæði reglulegan og sérstakan. Eru slíkar útgreiðslur í samræmi við markmið eigandastefnunnar og áherslur Bankasýslunnar um endurheimtur og ávöxtun fjárframlaga ríkissjóðs til þeirra. Bankasýslan hefur kallað eftir því að stjórnir bankanna móti sér arðgreiðslustefnu og átt ítrekaða fundi með þeim þar sem farið er yfir útreikninga stofnunarinnar á útgreiðslugetu þeirra og er hugmyndum stofnunarinnar um fjármögnun útgreiðslu fylgt eftir með frekari fundum.

Á árinu 2016 greiddu bæði Íslandsbanki og Landsbankinn arð, en ekki Arion banki. Í tilfalli Íslandsbanka greiddi bankinn út reglulegan arð að fjárhæð 10 ma.kr., sem samþykktur var á aðalfundi bankans, og svo 27,0 ma.kr. sérstakan arð, sem samþykktur var á hluthafafundi í desember. Í tilfalli Landsbankans samþykkti aðalfundur bankans arðgreiðslu að fjárhæð 1,2 kr. á hvern hlut, sem reidd var fram í tveimur jöfnum greiðslum, annars vegar 20. apríl og hins vegar 21. september. Nam arðgreiðslan samtals 28,8 ma.kr. og hlutur ríkissjóðs alls 28,3 ma.kr. Eins og áður hefur komið fram námu samþykktar arðgreiðslur Íslandsbanka og Landsbankans á aðalfundum þessa árs samtals 35,2 ma.kr. og hlutur ríkissjóðs í þeim 34,7 ma.kr. Í töflu 2 má sjá samantekt yfir arðgreiðslur viðskiptabankanna frá stofnun þeirra. Hafa þær samtals numið 191,9 ma.kr. og þar af hlutur ríkissjóðs 156,6 ma.kr.

**Tafla 2: Arðgreiðslur viðskiptabankanna frá stofnun (fjárhæðir í ma.kr.)**

	<u>Arion banki</u>	<u>Íslandsbanki</u>	<u>Landsbankinn</u>	<u>Samtals</u>
<b>Samtals</b>				
2013	-	3,0	10,1	13,1
2014	7,8	4,0	20,2	32,0
2015	12,8	9,0	24,0	45,8
2016	-	37,0	28,8	65,8
2017	-	<u>10,0</u>	<u>25,2</u>	<u>35,2</u>
Samtals	20,6	63,0	108,2	191,9
<b>Hlutur ríkisins</b>				
2013	-	0,2	9,9	10,0
2014	1,0	0,2	19,7	21,0
2015	1,7	0,5	23,5	25,6
2016	-	37,0	28,3	65,3
2017	-	<u>10,0</u>	<u>24,7</u>	<u>34,7</u>
Samtals	2,7	47,8	106,1	156,6

**Skipulag eigandahlutverksins innan ríkisins**

Eins og fram kemur í eigandastefnu ríkisins er hlutverk þess gagnvart fjármálamarkaðnum þrjúþætt: (a) stefnumótunarhlutverk, (b) eftirlitshlutverk og (c) umsýsla eignarhluta. Með lögum um Bankasýsluna og eigandastefnunni hefur Bankasýsla ríkisins verið falin umsýsla eignarhluta. Með eigandastefnu ríkisins og stofnun Bankasýslunnar voru eftirlitshlutverk og eigandahlutverk ríkisins því algjörlega aðskilin.

FME fer ásamt Seðlabankanum með eftirlitshlutverkið, og Alþingi (lagasetningu) og fjármála- og efnahagsráðuneytið (frumvarpasmið, reglugerðir o.fl.) með stefnumótunarhlutverkið. Hefur því Bankasýslan sem eigandi (eða sá aðili sem fer með eignarhluti ríkisins) fjármálafyrirtækja aðra sýn á málefni fjármálafyrirtækja heldur en eftirlitsaðilar. Gerir stofnunin t.a.m. athugasemdir við íþyngjandi lagaákvæði í umsögnum um lagafrumvörp og allt aðrar kröfur um rekstrarhagkvæmni og upplýsingagjöf en eftirlitsaðilar. Bankasýsla ríkisins leggur mikla áherslu á að eiga gott samstarf við þær stofnanir, sem eigandastefnan nefnir að fari með stefnumótunarhlutverkið (Alþingi og ráðuneyti) og eftirlitshlutverkið (FME og Seðlabankinn).



## Meginreglur, sem ríkið setur sér sem eigandi

Skv. eigandastefnu ríkisins ber Bankasýsla ríkisins í störfum sínum og samskiptum við fjármálafyrirtæki og stjórnir þeirra, að fara eftir ákveðnum meginreglum, sem fulltrúum ríkisins í stjórnum fjármálafyrirtækjanna ber einnig að hafa í heiðri:<sup>4</sup>

- Jafnræði í starfsemi fjármálafyrirtækja og í samskiptum við hluthafa.
- Gagnsæi í samskiptum ríkisins við fjármálafyrirtæki.
- Helstu tillögur og ákvarðanir eiganda í málefnum sem snerta rekstur fjármálafyrirtækja skulu settar fram, ræddar og bornar upp til samþykkis á aðalfundum þeirra.
- Bankasýsla ríkisins mun, í samvinnu við aðra eigendur ef við á, setja árangursviðmið fyrir fyrirtækin. Stjórnir og bankaráð bera ábyrgð á því að þeim sé fylgt eftir.
- Fjármagnsskipan fjármálafyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins skal taka mið af markmiðum sem ríkið hefur með eignarhaldinu sem og stöðu fyrirtækjanna sjálfra.
- Samsetning stjórna og bankaráða skal taka mið af hæfni og fjölbreytni á grundvelli eðlis og starfsemi hvers fyrirtækis.
- Launafyrirkomulag skal vera gagnsætt og sanngjarnt miðað við almenna framvindu efnahagslífsins og að vel unnin störf stuðli að framgangi.
- Stjórnir og bankaráð skulu vera sjálfstæð gagnvart stjórnendum og framkvæmdastjórn fyrirtækjanna.
- Ætíð skal auglýst í stöður æðstu stjórnenda, svo sem banka- og framkvæmdastjóra.
- Stjórnar- og bankaráðsmenn á vegum ríkisins ættu að vinna eftir skýrum áætlunum og leitast stöðugt við að bæta hæfni sína til að ná settum markmiðum.
- Fjármálafyrirtækin skulu vera meðvituð um samfélagslega ábyrgð sína.
- Starfsmannastefna fjármálafyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins skal leitast við að tryggja virka þátttöku allra sem þar vinna, greinargóða miðlun upplýsinga til starfsfólks og starfsmannalýðræði. Fullt jafnrétti kynja í launamálum og framgangi starfa innan fyrirtækjanna skal sett í öndvegi.

Bankasýsla ríkisins hefur lagt mikla áherslu á að eiga gott samstarf við meðeigendur sína í fjármálafyrirtækjum.

## Borgunarmálið og skýrsla Ríkisendurskoðunar

Bankasýsla ríkisins átti frumkvæði að rannsókn á sölumeðferð Landsbankans á eignarhlut í Borgun í byrjun árs 2016 með upplýsingabeiðni, dags. 26. janúar 2016. Því svaraði bankinn með ítarlegum upplýsingum þann 11. febrúar sama ár. Bankasýsla ríkisins tók þetta til nánari skoðunar. Stofnunin gagnrýndi sölumeðferðina og taldi m.a. að skortur hefði verið á rökstuðning fyrir lokuðu söluferli og samningagerð verið ábótavant. Var það niðurstaða Bankasýslu ríkisins að sölumeðferðin hefði varpað verulegum skugga á árangur Landsbankans og fagleg ásýnd hans og stjórnenda beðið hnekki. Var þeim tilmælum beint til bankans að hann gripi til viðeigandi ráðstafana til að endurheimta það traust og þann trúverðugleika sem þessi sölumeðferð kostaði bankann. Í kjölfarið kom opinber yfirlýsing frá fimm

---

<sup>4</sup> Heimild: Eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki, <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=316393f0-6168-11e7-941c-005056bc530c>

bankaráðsmönnum, þ. á m. formanni bankaráðs, að þeir gæfu ekki kost á sér til setu í bankaráði Landsbankans eftir aðalfund félagsins.

Síðar þetta ár útbjó stofnunin skýrslu til ráðherra, dags. 15. ágúst 2016, þar sem farið var yfir málið í heild sinni en einnig kom þar fram að Bankasýsla ríkisins og nýtt bankaráð biðu niðurstöðu Ríkisendurskoðunar sem ákvað að taka málið til nánari skoðunar og í stærra samhengi.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar birtist síðan í nóvember 2016 þar sem verklag Landsbankans við eignasölur á árunum 2010 -2016 var gagnrýnt. Taldi Ríkisendurskoðun að verklag Landsbankans við tiltekna eignasölur hefði ekki að öllu leyti verið í samræmi við Álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008, Sameiginlegar reglur Samtaka fjármálafyrirtækja um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja frá 2010 og Eigandastefnu ríkisins frá 2009. Taldi Ríkisendurskoðun að þetta verklag hafi í sumum tilvikum skaðað orðspor bankans og valdið því að ekki var alltaf látið á það reyna með fullnægjandi hætti hvort fá hefði mátt hærra verð fyrir eignirnar en raun bar vitni. Má rekja forsögu skýrslu Ríkisendurskoðunar bæði til formlegrar beiðni Landsbankans um skoðun á sölunni á Borgun og Valitor sem og fundar Bankasýslu ríkisins með Ríkisendurskoðun vegna sölu annarra eigna 3. maí 2016. Átti stofnunin fleiri fundi með Ríkisendurskoðun í kjölfar þessa fundar og undirbúnings skýrslunnar.

Í lok nóvember 2016 komust bankaráð Landsbankans og Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, að samkomulagi um að hann léti af störfum. Starf bankastjóra var auglýst í desember og nýr bankastjóri ráðinn í janúar 2017.

### **Athugun umboðsmanns Alþingis**

Bankasýslu ríkisins barst erindi frá umboðsmanni Alþingis, dags. 21. október 2016, þar sem óskað var eftir svörum og upplýsingum vegna afgreiðslu stofnunarinnar á erindi tveggja fyrirtækja. Í erindi þessara fyrirtækja til Bankasýslu ríkisins í upphafi árs 2016 var kvartað yfir málsmeðferð Landsbankans á endurreikningi á ólögum gengistryggðum lánum þeirra, en álitaefnið snerist að mestu leyti um svokallaða viðbótarkröfu sem bankinn átti en framangreind fyrirtæki töldu að jafnræðis hefði ekki verið gætt við verklag bankans á þeim fjöldamörgu málum sem bankinn átti slíka viðbótarkröfu. Bankasýsla ríkisins taldi ekki tilefni að svo stöddu að aðhafast í málinu með tilliti til eigandastefnu ríkisins, m.a. þar sem um væri að ræða einkaréttarlegan ágreining sem lægi fyrir að dómstólar myndu skera úr um sem síðan varð raunin. Umboðsmaður óskaði eftir upplýsingum um hvort erindi þetta hefði orðið tilefni til einhverra viðbragða umfram svör hennar til fyrirtækjanna. Einnig óskaði umboðsmaður eftir upplýsingum um af hverju stofnunin taldi ekki þörf á að afla frekari upplýsinga vegna jafnræðis viðskiptavina með hliðsjón af ákvæðum eigandastefnunnar.

Í ítarlegu svari Bankasýslu ríkisins til umboðsmanns, dags. 24. nóvember 2016, var farið yfir lagalegt hlutverk stofnunarinnar, hlutverk hennar sem eftirlitsaðili með eigandastefnu ríkisins, vald- og upplýsingaheimildir hennar og skörun þeirra við heimildir Fjármálaeftirlitsins ásamt upplýsingum um tiltekin verkefni sem stofnunin hefur sinnt sem eftirlitsaðili með eigandastefnunni. Að síðustu voru veittar upplýsingar um málsmeðferð stofnunarinnar vegna erindis fyrirtækjanna. Taldi Bankasýsla ríkisins að hún hefði sýnt fram á að ekkert tilefni var til staðar að óska eftir frekari upplýsingum um málið hjá Landsbankanum og að málsmeðferð Bankasýslu ríkisins hefði verið vönduð, málefnaleg og í samræmi við ákvæði laga nr. 88/2009 og markmið eigandastefnu ríkisins.

## ■ Stjórn og starfsmenn

Yfirstjórn Bankasýslu ríkisins er í höndum þriggja manna stjórnar, sem skipuð er af fjármála- og efnahagsráðherra. Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri stofnunarinnar, skv. 2. gr. laga nr. 88/2009. Í stjórn Bankasýslu ríkisins sem skipuð var þann 12. ágúst 2015 sitja þau Lárus L. Blöndal, Hulda Dóra Styrmissdóttir og Sigurjón Örn Þórsson og er Lárus formaður stjórnar. Varamaður í stjórn er Egill Tryggvason. Stjórnarfundir ársins 2017 voru 27 talsins.

Forstjóri Bankasýslu ríkisins er Jón G. Jónsson. Forstjóri mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti stofnunarinnar og annast daglega stjórn hennar ásamt því að ráða starfslið. Hann ber ábyrgð gagnvart stjórninni á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, skv. 3. gr. laga nr. 88/2009.

Karl Finnbogason er sérfræðingur stofnunarinnar í eignastýringu. Sérfræðingur í eignastýringu hefur eftirlit með eignum í umsjá Bankasýslu ríkisins, tekur þátt í að framfylgja eigandastefnu ríkisins, sér um regluleg samskipti stofnunarinnar við fjármálafyrirtæki, sem hún fer með eignarhluti í, sér um upplýsingagjöf til eiganda og greiningu á fjárhag og rekstri fjármálafyrirtækjanna.

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson er lögfræðingur stofnunarinnar. Lögfræðingur veitir ráðgjöf varðandi ýmis lögfræðileg málefni sem varða Bankasýslu ríkisins og starfsemi hennar, m.a. samningagerð, rekstur stjórnsýslumála, ritun minnisblaða, umsagna um lagafrumvörp og annarra lögfræðilegra skjala.

## ■ Valnefnd

Stjórn Bankasýslu ríkisins skipar þriggja manna valnefnd, sem gerir tillögu um stjórnarmenn fyrir hönd ríkisins þegar tilnefna þarf í stjórnir fyrirtækja á forræði stofnunarinnar, sbr. 7. gr. laga nr. 88/2009.

Valnefnd Bankasýslu ríkisins, skipa þau Sigurður Þórðarson, fyrrverandi ríkisendurskoðandi, formaður, Þórdís Ingadóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, og Auður Bjarnadóttir, ráðgjafi hjá Capacent. Nefndin var skipuð 11. mars 2016.

Í mars 2016 auglýsti valnefndin eftir ferilskrá áhugsamra einstaklinga, sem væru tilbúnir að gefa kost á sér í stjórnir fjármálafyrirtækja, en þá var ljóst að tilnefna þyfti að lágmarki ellefu aðalmenn í stjórnir Íslandsbanka og Landsbankans. Bárust nefndinni ferilskrár frá meira en 200 einstaklingum.

Bankasýsla ríkisins og valnefnd hennar áttu í umfangsmiklum samskiptum við Fjármálaeftirlitið frá ágúst 2016 til janúar 2017 vegna ýmissa atriða í störfum nefndarinnar er lutu að vali stjórnarmanna. Fjármálaeftirlitið kom því á framfæri við valnefnd og Bankasýslu ríkisins að ekki hafi verið ætlunin að gera athugasemdir við skipun stjórnarmanna eða endurmeta samsetningu stjórnanna heldur afla upplýsinga um ferlið við mat á hæfi og samsetningu stjórnanna og ef við átti veita leiðbeiningar. Athugasemdir sem eftirlitið kom á framfæri voru m.a. að starfsreglur valnefndar mættu endurspegla verkaskiptingu milli stjórnar Bankasýslu ríkisins og valnefndar með skýrari hætti, að æskilegt væri að viðhafa viðvarandi mat á hæfi sitjandi stjórnarmanna og tímafrestir sem veittir voru valnefnd í þessu ferli hefðu verið of stuttir. Í janúar 2017 funduðu stjórnarformaður og forstjóri Bankasýslu ríkisins með forstjóra og sérfræðingum Fjármálaeftirlitsins og hafa ekki átt sér stað frekari samskipti á milli stofnananna vegna málsins.

## ■ Listi yfir stjórnarmenn Bankasýslunnar sem kjörnir voru á aðalfundum 2017

### **Arion banki**

Kirstín Flygenring, meðstjórnandi  
Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir, varamaður

### **Íslandsbanki**

Friðrik Sophusson, stjórnarformaður  
Helga Valfells, varaformaður  
Anna Þórðardóttir, meðstjórnandi  
Auður Finnbogadóttir, meðstjórnandi  
Árni Stefánsson, meðstjórnandi  
Hallgrímur Snorrason, meðstjórnandi  
Heiðrún Jónsdóttir, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn Íslandsbanka eru Herdís Gunnarsdóttir og Pálmi Kristinsson.

### **Landsbankinn**

Helga Björk Eiríksdóttir, stjórnarformaður  
Magnús Pétursson, varaformaður  
Berglind Svavarsdóttir, meðstjórnandi  
Einar Þór Bjarnason, meðstjórnandi  
Hersir Sigurgeirsson, meðstjórnandi  
Sigríður Benediktsdóttir, meðstjórnandi  
Jón Guðmann Pétursson, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn Landsbankans eru Ásta Dís Óladóttir<sup>5</sup> og Samúel Guðmundsson.

### **Sparisjóður Austurlands hf.**

Regína Fanný Guðmundsdóttir, varaformaður  
Sigurður H. Pálsson, meðstjórnandi

Varamaður í stjórn Sparisjóðs Austurlands hf. er Guðmundur J. Skúlason.

---

<sup>5</sup> Ásta Dís Óladóttir sagði af sér sem varamaður með tilkynningu dags. 21. júní sl.

## Rekstur fjármálafyrirtækja á árinu 2016

### ■ Rekstur viðskiptabankanna 2016

Hagnaður viðskiptabankanna þriggja árið 2016 nam 55,8 ma.kr. á samstæðugrunni eftir skatta og lækkar því verulega frá metárinu 2015 en þá nam hagnaður viðskiptabankanna 109,6 ma.kr. Á árunum 2009 til 2016 hefur hagnaður viðskiptabankanna legið á bilinu 51,2 til 109,6 ma.kr., ef árið 2011 er undanskilið sem skýrist af dómi um ólögmæti gengistryggðra lána sem litaði uppgjör og afkomu bankanna. Þrátt fyrir að dregið hafi úr vægi einskiptisliða í uppgjörum bankanna gætir þeirra enn í uppgjörum 2016. Virðisaukning útlánasafna leggur bönkunum enn til umtalsverðan hluta af rekstrarafkomu eða 7,6 ma.kr. Þrátt fyrir að vægi þessa liðar í afkomunni lækki verulega á milli ára en árið 2015 var framlagið 23,3 ma.kr. og 31,3 ma.kr. árið 2014. Vægi fjármunatekna lækkar einnig verulega á milli ára. Fjármunatekjur námu 8,0 ma.kr. á árinu 2016 en voru 29,6 ma.kr. á árinu 2015. Einfalt meðaltal arðsemi viðskiptabankanna árið 2016 nam 8,7% og lækkar því verulega frá fyrra ári en þá var arðsemin 18,2%.

Samfara miklum hagnaði síðastliðin ár hefur eigið fé viðskiptabankanna aukist mikið. Samanlagt nam það 641,5 ma.kr. í lok árs 2016 og lækkar á milli ára en eigið fé viðskiptabankanna nam 668,7 ma.kr. í lok árs 2015. Umtalsverðar arðgreiðslur áttu sér stað á liðnu ári en Landsbankinn greiddi 28,5 ma.kr. og Íslandsbanki 37,0 ma.kr. í arð til hluthafa. Hagnaður Arion banka nam 19,0 ma.kr. árið 2016 og arðsemi eigin fjár nam 9,4%, Íslandsbanka 20,2 ma.kr. og arðsemin 10,6% og hagnaður Landsbankans 16,6 ma.kr. og arðsemin 6,5%.

Tafla 3: Rekstrarafkoma viðskiptabankanna 2009 til 2016 (fjárhæðir í m.kr.)

Hagnaður eftir skatta	Arion banki	Íslandsbanki	Landsbankinn
2009	12.871	23.982	14.322
2010	12.354	29.369	27.231
2011	11.206	1.866	16.957
2012	17.058	23.418	25.494
2013	12.655	23.069	28.767
2014	28.589	22.750	29.736
2015	52.595	20.578	36.460
2016	19.018	20.158	16.643

Arðsemi eigin fjár*	Arion banki	Íslandsbanki	Landsbankinn
2009	16,7%	30,0%	10,0%
2010	13,4%	28,5%	15,9%
2011	10,4%	1,5%	8,9%
2012	14,4%	17,4%	12,0%
2013	9,5%	14,8%	12,3%
2014	19,0%	13,0%	12,1%
2015	29,8%	10,8%	14,2%
2016	9,2%	10,6%	6,5%

\*Útreikningar m.v. meðalstöðu eigin fjár hluthafa

## Afkoman versnaði um 53,8 ma.kr. milli ára 2015 og 2016

Afkoma viðskiptabankanna versnaði um 53,8 ma.kr. milli ára 2015 og 2016. Verri afkomu má fyrst og fremst rekja til hagnaðar hlutdeildarféлага og arðstekna sem höfðu veruleg áhrif á afkomuna á árinu 2015. Í lok árs 2016 var óvissa um gæði útlánasafns bankanna að mestu horfin og endurskipulagningu lánasafna að mestu lokið. Hlutfall vanskilalána af útlánasafni bankanna var að meðaltali 2,5% í lok árs 2016 en sama hlutfall var 2,8% í lok árs 2015. Alvarleg vanskil (90 dagar eða lengri tími) námu 1,2% af útlánasafni bankanna í lok árs 2016 en hlutfallið var 1,7% í árslok 2015 og fer áfram lækkandi.

Sveiflur vegna virðisbreytinga útlána svo og aðrir óreglulegir liðir, eins og þeir sem varða lögmæti gengistryggðra lána, hafa litað uppgjör viðskiptabankanna frá stofnun þeirra. Bankasýsla ríkisins hefur því frá upphafi kosið að horfa meira á „grunnrekstur“, þ.e. reglulegan rekstur og kjarnarekstur.

Áður en áfram er haldið verður farið yfir þá mælikvarða sem Bankasýsla ríkisins hefur notað síðustu ár til að meta árangur viðskiptabankanna. Mælikvarðarnir í töflu 4 lýsa betur rekstrarhæfi til framtíðar og auðvelda samanburð á rekstrarafkomu milli ára, þar sem einskiptis- og óreglulegir liðir eru ekki taldir með við mælingu á rekstrarárangri. Mælikvarðarnir eru eftirfarandi:

#### Tafla 4: Skilgreiningar Bankasýslunnar á reglulegum rekstri og kjarnarekstri banka

Hugtak	Skilgreining
<b>Reglulegur rekstur</b>	Reglulegur rekstur (reglulegar tekjur – reglulegur kostnaður). Reglulegar tekjur eru hreinar vaxtatekjur og hreinar þjónustutekjur. Reglulegur kostnaður er laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður, gjöld í TIF og afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna. Í tilviki Arion banka eru eigin tjón sem fylgja tryggingastarfsemi ekki talin til reglulegs kostnaðar, enda eru eigin iðgjöld ekki talin til reglulegra tekna
<b>Kjarnarekstur</b>	Reglulegur rekstur auk fjármunatekna. Til fjármunatekna telst hagnaður eða tap af veltufjáreignum og hagnaður eða tap af fjáreignum tilgreindum á gangvirði.

Skilgreiningarnar eru ekki gallalausar og takmarkast við opinberar tölur úr ársreikningum innlánsstofnana. Uppgjörsaðferðir bankanna eru mismunandi og munaði mestu fyrstu árin um útreikning vaxtatekna með aðferð virkra vaxta við skráningu vaxtatekna en vægi vaxtatekna reiknaðra með aðferð virkra vaxta er nú orðið hverfandi. Einnig er uppbygging efnahagsreikninga viðskiptabankanna ólík t.d. þegar litið er til gjaldeyris- og skuldasetningar. Auk þess sem áherslumunur, en ekki eðlismunur er í rekstri viðskiptabankanna, t.d. varðandi áhrif dótturfélaga á uppgjör samstæðu.

Í þessu samhengi er rétt að benda á að stór hluti eigna Landsbankans er bundinn í ríkisskuldabréfum með lágum vöxtum, en eiginfjárframlag ríkisins til bankans var í formi RIKH 18 skuldabréfa. Tekjur vegna skuldabréfanna eru bæði færðar sem vaxtatekjur, sem flokkast til reglulegs rekstrar, og sem fjármunatekjur, sem flokkast ekki til reglulegs rekstrar, heldur kjarnarekstrar. Framangreint dæmi sýnir því e.t.v. best hversu snúinn og margslunginn samanburður á afkomu og rekstrarárangri innlánsstofnana getur verið.

Einnig flækir málin nokkuð að Valitor og Borgun eru hluti af rekstrarsamstæðu Arion banka og Íslandsbanka, en framangreind fyrirtæki leggja fram töluverðar þjónustutekjur. Hallar því verulega á hlut Landsbankans í samanburði þjónustutekna. Á móti hallar á Arion banka og Íslandsbanka þegar horft er til kostnaðarhlutfalls, þ.e. kostnaður sem hlutfalli af eignum. Uppbygging og eðli kortafyrirtækja er nokkuð ólíkt hefðbundnum viðskiptabankarekstri þar sem litlar eignir standa á bak við reksturinn, en háar þjónustutekjur, öfugt við bankarekstur.

Umdeilanlegt er hver sé grunnrekstur banka og má jafnvel rökstyðja að skilgreiningarnar séu of þröngar og jafnvel ósanngjarnar. Þannig hentar mæling á afkomu af kjarnarekstri betur fyrir banka sem reisa afkomu sína að töluverðum hluta á fjárfestingarbankastarfsemi og ráðstafað hafa verulegum hluta eigna sinna í starfsemi þar að lútandi. Hins vegar eru vaxta- og þjónustutekjur hvað stöðugastar og ekki jafn næmar fyrir sveiflum á markaði líkt og fjármunatekjur. Því má draga þá ályktun að banki, sem hefur háa arðsemi af reglulegum rekstri, hafi stöðugan og öruggan tekjugrunn. Lítil munur ætti að vera á milli reglulegs rekstrar og kjarnarekstrar hjá bönkum, sem einbeita sér að hefðbundnum bankarekstri.

Í greiningunni sem hér fer á eftir er notast við framangreindar skilgreiningar á rekstri, auk eftirfarandi kennitalna sem hafa verið skilgreindar í töflu 4 hér að framan.

## Tafla 5: Kennitölur í rekstri

Rekstrar- og afkomuhugtak	Skilgreining
Arðsemi reglulegs rekstrar:	(Reglulegar tekjur – Reglulegur kostnaður – Reiknaðir skattar)/Meðalstaða eigin fjár
Arðsemi kjarnarekstrar:	(Reglulegar tekjur + fjármunatekjur – Reglulegur kostnaður – Reiknaðir skattar)/Meðalstaða eigin fjár
Hlutfall innlána af útlánum:	Innlán viðskiptavina/Útlán viðskiptavina
Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar:	Reglulegur kostnaður/Reglulegar tekjur
Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar:	Reglulegur kostnaður/(Reglulegar tekjur + fjármunatekjur)
Kostnaður sem hlutfall af heildareignum:	Reglulegur kostnaður/Meðalstaða eigna
Meðalstaða eigin fjár:	Meðaltal eigin fjár í upphafi og lok árs
Meðalstaða eigna:	Meðaltal eigna í upphafi og lok árs
Vaxtamunur:	Hreinar vaxtatekjur/Meðalstaða eigna

Árið 2016 voru reglulegar tekjur (hreinar vaxta- og þjónustutekjur) að meðaltali 85,3% rekstrartekna. Síðastliðin fimm ár hefur vegið meðaltal reglulegra tekna bankanna þriggja legið á bilinu 70,9% til 85,3% af rekstrartekjum og meðaltal fjármunatekna sem hlutfall af rekstrartekjum legið á bilinu 7,3% til 15,7%. Á árinu 2015 voru þessi hlutföll 70,9% og 15,7% og skýrðist það af tvennu, annars vegar að fjármunatekjur Landsbankans voru óvenju háar samanborið við fyrri ár, eða 23% af reglulegum tekjum og að óreglulegar tekjur Arion banka voru feykiháar á árinu 2015, eða 37% af reglulegum tekjum. Í þessu samhengi ber að líta til þess að bankarnir þrír halda á mismunandi stórum stöðum í fjármálagerningum, fjárfestingareignum og fjárfestingum í hlutdeildarfélögum sem hlutfall af eignum. Í árslok nam staða Íslandsbanka í fjármálagerningum, fjárfestingaeignum og fjárfestingum í hlutdeildarfélögum samtals 4,2% af heildareignum bankans (5 ára meðaltal: 8,7%) á meðan sama hlutfall nam 11,9% hjá Arion banka (5 ára meðaltal: 15,2%) og 16,3% hjá Landsbankanum (5 ára meðaltal: 23,0%). Út frá þessu má sjá að efnahagsreikningur hvers banka er frábrugðinn þeim næsta.


### Afkoma af reglulegum rekstri viðskiptabankanna að aukast milli 2015 og 2016.

Hagnaður af reglulegum rekstri viðskiptabankanna jókst milli áranna 2015 og 2016 um 4,7 ma.kr., en bókhaldslegur hagnaður dróst saman um 53,8 ma.kr. á sama tímabili. Afkoma af reglulegum rekstri bankanna þriggja batnar því á milli tímabila rétt eins og á síðasta ári. Meginskýring bættrar afkomu liggur í aukningu á hreinum vaxtatekjum sem jukust um 9,0 ma.kr. á milli ára. Hreinar þjónustutekjur jukust um 1,0 ma.kr. á milli ára. Gjöld af reglulegri starfsemi jukust að nýju um 4,2 ma.kr. milli áranna 2015 og 2016 en milli áranna 2014 og 2015 jukust gjöldin um 2,0 ma.kr.

Á mynd 3 hér á eftir má sjá hagnað og arðsemi viðskiptabankanna af reglulegum rekstri síðastliðin fimm ár.




**Mynd 3: Hagnaður og arðsemi reglulegs rekstrar viðskiptabanka 2012-2016 (m.kr.)**



Sjá má að arðsemi reglulegs rekstrar hefur legið á bilinu 5,0% til 7,9% og að hagnaður af reglulegum rekstri eftir reiknaða skatta dróst saman á árunum 2012-2014 en jókst aftur á árinu 2015 og 2016.


Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatta árið 2016 nam 5,3% hjá Arion banka, 8,2% hjá Íslandsbanka og 5,9% hjá Landsbankanum. Þegar að söguleg arðsemi viðskiptabankanna er skoðuð, sem og innbyrðis arðsemi þeirra á milli, verður að taka tillit til þess að eigið fé viðskiptabankanna hefur hækkað mikið frá árslokum 2009 og er misjafnt milli banka. Á móti kemur að hærra eigið fé ætti að gera bönkunum kleift að halda á útlánum með hærra áhættuvægi og hærri vaxtatekjum. Þróun arðsemi reglulegs rekstrar einstakra banka má sjá á mynd 4 hér á eftir.

**Mynd 4: Arðsemi reglulegs rekstrar 2012-2016**



Af myndinni má sjá að þróun arðsemi reglulegs rekstrar samkvæmt framangreindri skilgreiningu er misjöfn milli bankanna þriggja. Arðsemi Landsbankans er að lagast frá árinu 2014 rétt eins og arðsemi Íslandsbanka sem hefur bætt afkomu af reglulegri starfsemi á hverju ári frá 2012. Arðsemi reglulegs rekstrar Arion banka stóð nánast í stað á árunum 2013-2015 en lækkar síðan í 5,3% á árinu 2016 sem er lægsta arðsemi reglulegs rekstrar sem bankinn hefur skilað á sl. fimm árum. Reglulegur rekstur er þó aðeins einn mælikvarði á rekstrarárangur. Annar mælikvarði er kjarnarekstur. Á mynd 5 má sjá afkomu af kjarnarekstri eftir skatta.

**Mynd 5: Hagnaður (ma. kr.) og arðsemi kjarnarekstrar viðskiptabankanna eftir reiknaða skatta**




Sjá má á myndinni að nokkuð meiri sveiflur eru í hagnaði af kjarnarekstri en reglulegum rekstri. Hagnaður af kjarnarekstri viðskiptabankanna var að meðaltali 48,1 ma.kr. á ári síðastliðin 5 ár á meðan hagnaður af reglulegum rekstri var 34,9 ma.kr. Þannig hefur afkoma kjarnarekstrar verið umtalsvert betri enda tekið tillit til fleiri tekjupátta.

Afkoma viðskiptabankanna af kjarnarekstri nam 47,5 ma.kr. á árinu 2016 og lækkar því um 12,5 ma.kr. frá metárinu 2015 en skýringar hárrar afkomu kjarnarekstrar þess árs liggja í miklum fjármunatekjum hjá Arion banka og Landsbankanum árið 2015.

Að meðaltali var arðsemi kjarnarekstrar 8,6% árið 2016 og nokkuð hærrí en af reglulegum rekstri sem nam 6,4%. Hæst var arðsemi af kjarnarekstri hjá Íslandsbanka, eða 8,1% arðsemi kjarnarekstrar hjá Arion banka var 7,8% og hjá Landsbankanum var arðsemin 6,4%. Á mynd 6 hér á eftir má sjá þróun arðsemi kjarnarekstrar fyrir einstaka banka sl. 5 ár.

**Mynd 6: Arðsemi kjarnarekstrar 2012-2016**



## ■ Rekstrarreikningur viðskiptabankanna

### Aukning í vaxtatekjum


Vaxtatekjur eru stærsti tekjuliður bankanna og hafa breytingar í vaxtaumhverfi og á verðbólgu því mikil áhrif á afkomu bankanna. Hreinar vaxtatekjur stjórnast aðallega af fjárhæð vaxtaberandi útlána, vaxtamun útlána og fjármögnunar ásamt verðbólgu ársins. Hreinar vaxtatekjur bankanna námu samtals 96,4 ma.kr. árið 2016 sem er 9,0 ma. kr. aukning milli ára. Aukning hreinna vaxtatekna skýrist af aukningu vaxtaberandi útlána en útlán til viðskiptavina jukust um 96,0 ma.kr. á milli ára sem samsvarar 4,5% aukningu. Til samanburðar jókst landsframleiðsla að raungildi um 7,2% á árinu 2016.<sup>6</sup> Gengisþróun krónunnar hafði einnig áhrif í þessu sambandi en gengisvísitala krónunnar styrktist um 18,4 % á árinu 2016 sem hafði áhrif til lækkunar að einhverju marki á bókfært virði lána í erlendri mynt en hlutfall erlendra lána af heildarlánum viðskiptabankanna nemur á bilinu 17%-23% í árslok 2016. Aukning vaxtatekna skýrist að einhverju leyti af hærri verðbólgu en breytingin á milli ára var þó óveruleg, mæld með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem hækkaði meira yfir árið 2016 en 2015. Allir bankarnir þrír eiga meira af verðtryggðum eignum heldur en skuldum og því hefur meiri verðbólga jákvæð áhrif á hreinar vaxtatekjur til hækunar. Vísitala neysluverðs til verðtryggingar hækkaði um 2,1% yfir árið 2016 samanborið við 2,0% árið 2015. Eins og nefnt var hér að framan þá er verðtryggingarjöfnuður allra bankanna þriggja jákvæður. Verðtryggingarjöfnuður Landsbankans var jákvæður um 207 ma. kr. í lok ársins 2016, sem þýðir að 1,0% hækkun á vísitölu neysluverðs til

<sup>6</sup> Hagtíðindi, 9. mars 2017

verðtryggingar á ári skilar 2,1 ma.kr. aukningu í hreinum vaxtatekjum Landsbankans. Verðtryggingarjöfnuður Arion banka var jákvæður um 116,0 ma. kr. í lok 2016 og hjá Íslandsbanka 60,9 ma.kr. Samtals er verðtryggingarjöfnuðurinn jákvæður um 383,9 ma.kr. hjá bönkunum þremur í lok árs 2016 og 1,0% hækkun á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar þýðir því 3,8 ma.kr. aukningu í hreinum vaxtatekjum.

Vaxtamunur bankanna hefur einnig áhrif og hann má mæla á marga vegu. Algengt er að hann sé mældur sem hreinar vaxtatekjur ársins sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna á árinu. Mynd 7 hér að neðan sýnir þróun á þessu hlutfalli bankanna þriggja síðastliðin 5 ár:

**Mynd 7: Vaxtamunur viðskiptabankanna 2012-2016**



Veginn meðal vaxtamunur bankanna árið 2016 nam 3,0% og jókst um 0,2% á milli ára. Vaxtamunur viðskiptabankanna náði hámarki árið 2012 í 3,4% en lægsti vaxtamunur var árið 2014 þegar vaxtamunurinn var 2,7%. Á síðastliðnum 5 árum þá hafa heildareignir viðskiptabankanna farið úr 2.808 ma.kr. í lok árs 2012 í 3.195 ma.kr. í lok árs 2016, en það er aukning um 386 ma.kr. eða 13,7% á fimm árum sem verður að teljast hóflegur vöxtur. Verðbólga á þessu fimm ára tímabili nam tæplega 14,0% þannig að í reynd er raunaukning engin. Á mynd 7 sést þróun vaxtamunar einstakra viðskiptabanka eftir árum. Vaxtamunur Íslandsbanka hækkar á ný eftir að hafa lækkað undanfarin ár og er undir vaxtamun Landsbankans en yfir vaxtamun Arion banka. Hár vaxtamunur íslensku bankanna í samanburði við erlenda banka skýrist m.a. af miklu eigin fé, sem ekki ber vaxtakostnað eins og önnur fjármögnun. Sem dæmi þá hefur vaxtamunur Íslandsbanka lækkað ár frá ári síðan 2010 en virðisaukning útlána virðist hafa verið tekin í meira mæli í gegnum vaxtatekjur með aðferð virkra vaxta en hinna viðskiptabankanna. Á tímabilinu 2009 til 2012 hækkaði vaxtamunur bæði Arion banka og Landsbankans. Á því tímabili átti sér stað mikil endurskipulagning útlánasafna bankanna og lækkaði vanskilahlutfall lána hratt. Árið 2013 snerist þróunin svo við og lækkaði vaxtamunur bæði Arion banka og Landsbankans. Vaxtamunur Arion banka stóð hins vegar í stað árið 2014 en vaxtamunur Landsbankans lækkaði hins vegar um 0,6% á milli áruna 2013 og 2014. Vaxtamunur þessara tveggja

banka hækkaði svo árið 2015 á meðan vaxtamunur Íslandsbanka lækkaði. Á síðari hluta ársins 2013 hækkaði álag á grunnvexti eða LIBOR vexti á skuldabréfum gamla Landsbankans (LBI hf.) úr 1,75% í 2,9%. Í lok árs 2013 var bókfært virði kröfu LBI hf. 237,7 ma.kr. Í árslok 2014 nam skuld Landsbankans við LBI hf. 199,6 ma.kr. Í lok árs 2015 nam fjárhæðin 125,3 ma.kr. Í lok árs 2016 var skuld Landsbankans svo komin í 50,1 ma.kr. Bankinn hefur því markvisst unnið í því að endurfjármagna lán gamla bankans á hagstæðari kjörum undir 1.500 m.kr. evru ramma bankans um skuldabréfaútgáfu til meðallangs tíma (Euro Medium Term Programme) sem skráð eru í Írsku kauphöllinni. Hefur þetta haft jákvæð áhrif á vaxtamun bankans.

### Vöxtur í þjónustutekjum

Hreinar þjónustutekjur viðskiptabankanna jukust um 1,0 ma.kr. eða 2,9% á milli 2015 og 2016. Verulega hægir á vexti þjónustutekna þegar bankarnir eru skoðaðir saman en þjónustutekjur viðskiptabankanna hafa aukist ár frá ári sl. fimm ár. Þjónustutekjur Landsbankans jukust hlutfallslega mest árið 2015 eða um 14,7%, þjónustutekjur Íslandsbanka jukust um 4,2% og þjónustutekjur Arion banka drógust saman um 3,5%. Tafla 6 hér að neðan sýnir þróun þjónustutekna hvers banka síðastliðin fimm ár.

**Tafla 6: Þróun þjónustutekna viðskiptabankanna þriggja 2012-2016 (m.kr.)**

	2012	2013	2014	2015	2016
<b>Arion banki</b>	10.748	11.223	13.309	14.484	13.978
<b>Íslandsbanki</b>	9.459	10.433	11.483	13.170	13.723
<b>Landsbankinn</b>	4.448	5.291	5.836	6.841	7.809
<b>Samtals</b>	24.655	26.947	30.628	34.495	35.510

Eins og sjá má í töflunni eru þjónustutekjur Landsbankans langsamlega lægstar og um helmingur þjónustutekna hinna bankanna. Ástæðu mun lægri þjónustutekna Landsbankans má að stórum hluta rekja til þess að kortafyrirtækin Valitor og Borgun eru hluti af samstæðu Arion banka og Íslandsbanka. Hins vegar er ekkert kortafyrirtæki hluti af samstæðu Landsbankans. Hlutfall þjónustutekna hefur verið fremur lágt hlutfall af heildartekjum viðskiptabankanna og hefur legið á bilinu 16,9% til 23,0% sl. fimm ár, sérstaklega ef horft er til erlendra viðskiptabanka. Sem dæmi þá gefur einfalt meðaltal þóknunartekna sem hlutfall af heildartekjum sex stærstu banka á Norðurlöndum gildið 28,2%. Slíkur samanburður getur þó verið varasamur og verður að horfa til þess að hlutfall óreglulegra liða líkt og virðisaukningar hefur verið hátt hlutfall heildartekna hjá íslenskum viðskiptabönkum en fer lækkandi.

### Fjármunatekjur og aðrar tekjur

Hreinar fjármunatekjur viðskiptabankanna þriggja námu samanlagt 8,1 ma.kr. á árinu 2016 á móti 29,6 ma.kr. á árinu 2015 sem var metár. Til fjármunatekna telst hagnaður (tap) af fjáreignum tilgreindum á gangvirði og hagnaður (tap) af veltufjáreignum og – skuldum. Fjármunatekjur hafa verið áberandi hæstar hjá Landsbankanum á meðal viðskiptabankanna eða að meðaltali 7,9 ma.kr á ári sl. fimm ár, hjá Arion banka hafa þær numið 6,0 ma.kr. að meðaltali á sama tímabili og 2,6 ma. kr. á ári hjá Íslandsbanka. Fjármunatekjur árið 2016 voru hæstar hjá Arion banka eða 6,4 ma.kr. hjá Landsbankanum voru þær 1,8 ma.kr. en hjá Íslandsbanka voru þær neikvæðar um 90,0 m.kr. Hreinar fjármunatekjur ráðast annars vegar af hversu stórar stöður eru í fjármálagerningum og hins vegar


hvaða ávöxtun bankarnir ná af þeim. Fjármálagerningar hafa síðastliðin fimm ár numið að meðaltali 23,0% af heildareignum Landsbankans, 12,0% af heildareignum Arion banka en aðeins 8,7% hjá Íslandsbanka. Það kemur því ekki á óvart að Landsbankinn hefur alla jafna verið með hærri hreinar fjármunatekjur en Arion banki og Íslandsbanki.

Aðrar tekjur viðskiptabankanna námu 14,7 ma.kr. árið 2016 samanborið við 33,5 ma.kr. árið 2015 (meðaltal sl. fimm ára 17,7 ma.kr.).

## Gjöld


Reglulegur rekstrarkostnaður viðskiptabankanna þriggja, eins og hann er skilgreindur hér að framan, hefur aukist að nafnvirði sl. fimm ár um 8,7% en dregist saman að raunvirði um 5,0% að teknu tilliti til 13,7% verðbólgu yfir sama tímabil. Stærstur hluti rekstrarkostnaðar bankanna eru launakostnaður og annar rekstrarkostnaður. Þróunin hefur þó verið mjög ólík á milli bankanna.

**Mynd 8: Reglulegur rekstrarkostnaður viðskiptabankanna 2012-2016 (m.kr.)**



Þegar kostnaður af reglulegum rekstri sem hlutfall af reglulegum tekjum eins og skilgreint var hér að framan er skoðaður þá kemur eftirfarandi mynd í ljós.

**Mynd 9: Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar 2012-2016**




Á mynd 9 má sjá að reglulegur rekstrarkostnaður Arion banka er nokkuð hærri að staðaldri en hjá Íslandsbanka og Landsbankanum. Meðalkostnaðarhlutfall Arion banka sl. 5 ár er 68,4% á meðan það er 61,9% hjá Íslandsbanka og 60,8% hjá Landsbankanum yfir sama tímabil.

Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar horfir bæði á tekjur og kostnað. Einnig er unnt að skoða kostnað sem hlutfall af meðalstöðu eigna en þá er aðeins verið að horfa á kostnaðarhlið en í samhengi við eignahlið bankanna. Rekstrarkostnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af meðalstöðu eigna var hæstur hjá Arion banka árið 2016 eða 3,0% á meðan hann nam 2,5% hjá Íslandsbanka og 2,1% hjá Landsbankanum. Mynd 10 sýnir þróun á þessu hlutfalli milli ára hjá bönkunum sl. fimm ár.



**Mynd 10: Reglulegur kostnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigna 2012-2016**



Af myndinni má dæma að kostnaðarhlutfallið hefur hækkað hjá Arion banka frá árinu 2013, en hefur aftur á móti lækkað hjá Íslandsbanka á milli árunna 2013 og 2015 og svo haldist óbreytt á milli 2015 og 2016. Landsbankinn stendur í stað með lægsta hlutfallið sem hefur haldist á milli 2,0 og 2,2% síðastliðin fimm ár. Hér þarf þó að hafa í huga þann eðlismun sem er á Landsbankanum og hinum tveimur viðskiptabönkunum en kortafyrirtæki eru hluti af efnahagsreikningi Arion og Íslandsbanka. Kortafyrirtækin skapa framangreindum bönkum umtalsverðar þjónustutekjur og kostnað en hlutfallslega litlar eignir standa á bak við fyrirtækin.

## ■ Efnahagsreikningur viðskiptabankanna

Eignir viðskiptabankanna hafa aukist um 860 ma.kr. frá lokum ársins 2008 og hefur samanlagður efnahagsreikningur viðskiptabankanna farið úr 2.336 ma.kr. í árslok 2008 í 3.195 ma.kr. í lok árs 2016. Vöxtur eigna viðskiptabankanna að nafnvirði nemur 37% á þessu tímabili en að raunvirði hafa eignir bankanna einungis vaxið um 5,0% á öllu tímabilinu.

Þótt eignir viðskiptabankanna þriggja hafi nánast staðið í stað að raunvirði er ekki þar með sagt að bankakerfið eða innlánsstofnanir í heild sinni hafi gert það. Árið 2011 varð SpKef hluti af Landsbankanum og jókst þá eignasafn bankans um 45,0 ma.kr. og útlán um 29,0 ma.kr. Sama ár tók Íslandsbanki yfir Byr og jukust eignir bankans um 113,0 ma.kr. og útlán um 82,0 ma.kr. Arion tók einnig yfir fasteignalánasafn Kaupþings upp á 110,0 ma.kr. í árslok 2011. Árið 2015 runnu svo Sparisjóður Vestmanneyja og Sparisjóður Norðurlands inn í Landsbankann og AFL sparisjóður inn í Arion banka.<sup>7</sup> Stærð viðskiptabankanna hefði jafnvel dregist saman að raunvirði ef þeir hefðu ekki sameinast öðrum


<sup>7</sup> Sjá Ársskýrslu Bankasýslu ríkisins 2015.

fjármálastofnunum eða yfirtekið lánasöfn annarra fjármálastofnana. Ekki hefur því verið um mikinn innri vöxt að ræða.

### Skuldir og eigið fé

Íslensku viðskiptabankarnir voru í lok árs 2016 fjármagnaðir af innlánnum viðskiptavina og innlánsstofnana (51,0%), með eigin fé (20,1%) og með lántökum og öðrum skuldum (28,9%). Vægi innlána og eigin fjár minnkar á milli ára og lántaka eykst. Gerð nauðasamninga hafði í för með sér ústreymi innlána til þrotabúa bankanna og Íslandsbanki og Landsbankinn greiddu 65 ma.kr. í arð og því minnkar vægi eigin fjár. Hlutfall lána eykst og einnig samsetning lána með uppgreiðslum óhagstæðra lána til að mynda frá LBI hf.

**Mynd 11: Fjármögnun viðskiptabankanna 31.12.2016**



### Eiginfjárlutfall


Eiginfjárlutfall Landsbankans lækkaði lítillega á milli ára og var 30,2% á móti 30,4% í lok árs 2015. Eiginfjárlutfall Arion banka var 27,1% í lok árs en var 24,2% í lok árs 2015. Eiginfjárlutfall Íslandsbanka var 25,2% en var 30,1% í lok árs 2015. Arðgreiðslur hafa hér mest áhrif en Arion banki greiddi ekki arð vegna rekstrarársins 2016, Íslandsbanki greiddi 37,0 ma.kr. í tveimur greiðslum og Landsbankinn greiddi 28,5 ma.kr. Eiginfjárlutfall A hjá Arion banka hækkaði úr 23,4% í árslok 2015 í 26,5% í árslok 2016, Íslandsbanka lækkaði úr 28,3% í 24,9% og Landsbankans úr 30,3% í 29,7%. Eiginfjárlutföll viðskiptabankanna eru nær eingöngu reist á eiginfjárlutfalli A í lok árs 2016. Bæði Arion banki og Íslandsbanki greiddu á árinu 2016 upp víkjandi lán sín.

## Eignahlið efnahagsreiknings

Á mynd 12 má sjá eignir viðskiptabankanna flokkaðar í útlán sem er fyrsti eignaflokkurinn og endurspeglar best hefðbundinn viðskiptabankarekstur eða reglulegan rekstur. Útlán námu 76,5% af eignum Arion banka, 67,3% af eignum Íslandsbanka og 78,6% af eignum Landsbankans í árslok 2016. Að meðaltali eru útlán 74,2% af efnahagsreikningi viðskiptabankanna.

Í öðrum eignaflokknum eru svo fjármálagerningar en samanlagt endurspegla eignaflokkur eitt og tvö kjarnarekstur. Hlutfallslega hæst hlutfall fjármálagerninga af heildareignum er hjá Landsbankanum eða 16,4% af heildareignum. Hluti eigna Landsbankans samanstendur af ríkisskuldabréfum í flokknum RIKH18 sem bankinn fékk afhent frá ríkissjóði sem eiginfjárframlag, en það skýrir að hluta til hærra hlutfall fjármálagerninga hjá Landsbankanum en samkeppnisaðilum. Hlutfall fjármálagerninga er 4,2% hjá Íslandsbanka og 11,3% hjá Arion banka.

**Mynd 12: Skipting eigna viðskiptabankanna 31.12.2016**



### ■ Arion banki

Hagnaður Arion banka nam 19,0 ma.kr. árið 2016 sem er umtalsverð lækkun frá fyrra ári þegar hagnaður bankans nam 52,6 ma.kr. Eins og kom fram í ársskýrslu stofnunarinnar fyrir 2016 voru það einkisliðir sem skýrðu stóran hluta hagnaðar síðasta árs. Hagnaður af reglulegum rekstri nam 10,7 ma.kr. eftir reiknaða skatta árið 2016, en nam 10,9 ma.kr. árið áður. Afkoma reglulegs rekstrar versnar því lítillega á milli ára. Hreinar vaxtatekjur aukast um 2,9 ma.kr. á milli ára eða um 11% og þjónustutekjur dragast saman á milli ára um 0,5 ma.kr. Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður jókst um 2,7 ma.kr. sem verður til þess að afkoma reglulegs rekstrar versnar á milli ára um 0,2 ma.kr.

**Tafla 7: Reglulegur rekstur Arion banka (fjárhæðir í m.kr.)**

	2016	2015	2014	2013	2012
Hreinar vaxtatekjur	29.900	26.992	24.220	23.800	27.142
Hreinar þjónustutekjur	13.978	14.484	13.309	11.223	10.748
<b>Samtals reglulegar tekjur</b>	<b>43.878</b>	<b>41.476</b>	<b>37.529</b>	<b>35.023</b>	<b>37.890</b>
Laun og launatengd gjöld	16.659	14.892	13.979	13.537	12.459
Annar rekstrarkostnaður	11.235	10.426	9.518	8.633	9.641
Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	1.842	1.656	2.034	1.788	1.436
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda	804	836	829	791	899
<b>Samtals reglulegur kostnaður</b>	<b>30.540</b>	<b>27.810</b>	<b>26.360</b>	<b>24.749</b>	<b>24.435</b>
<i>Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar</i>	<i>69,6%</i>	<i>67,1%</i>	<i>70,2%</i>	<i>70,7%</i>	<i>64,5%</i>
Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatta	13.338	13.666	11.169	10.274	13.455
<b>Afkoma af reglulegum rekstri eftir skatta</b>	<b>10.670</b>	<b>10.933</b>	<b>8.935</b>	<b>8.219</b>	<b>10.764</b>
<i>Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatta</i>	<i>6,6%</i>	<i>7,7%</i>	<i>7,4%</i>	<i>7,7%</i>	<i>11,3%</i>
<i>Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatta</i>	<i>5,3%</i>	<i>6,2%</i>	<i>5,9%</i>	<i>6,2%</i>	<i>9,1%</i>

Einkennandi fyrir rekstur Arion banka er hátt hlutfall hreinna þjónustutekna og annarra tekna samanborið við hreinar vaxtatekjur, en afkoma Valitor og Varðar er hluti af samstæðureikningsskilum. Hreinar þjónustutekjur bankans af greiðslukortum námu 5,3 ma.kr. árið 2016 eða 38% af þjónustutekjum. Hreinar tekjur af eignastýringu bankans námu 4,0 ma.kr. árið 2016 miðað við 4,2 ma.kr. árið áður. Eftir kaup Arion banka á Verði tryggingafélagi er gerð sérstök grein fyrir hreinum tekjum af tryggingastarfsemi í heildarafkomu bankans og nema þær 1,4 ma.kr. á árinu 2016 á móti 0,8 ma.kr. á árinu 2015.

Hreinar fjármunatekjur Arion banka námu 6,4 ma.kr. á árinu 2016 á móti 13,0 ma.kr. á árinu 2015. Í samanburði stóru viðskiptabankanna hefur Landsbankinn bundið hlutfallslega meira af eignum sínum í fjármálagerningum en Arion banki og Íslandsbanki. Afkoma af kjarnarekstri nam 15,8 ma.kr. á móti 21,3 ma.kr. á árinu 2015. Arðsemi af kjarnastarfsemi nam 7,8% eftir skatt en arðsemin var 12,1% á síðasta ári.

**Tafla 8: Kjarnarekstur Arion banka (fjárhæðir í m.kr.)**

	2016	2015	2014	2013	2012
Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatt	13.338	13.666	11.169	10.274	13.455
Hreinar fjármunatekjur	6.415	13.026	6.477	3.441	583
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt	19.753	26.692	17.646	13.715	14.038
<b>Afkoma af kjarnarekstri eftir skatt</b>	<b>15.802</b>	<b>21.354</b>	<b>14.117</b>	<b>10.972</b>	<b>11.230</b>
<i>Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt</i>	<i>9,8%</i>	<i>15,1%</i>	<i>11,7%</i>	<i>10,3%</i>	<i>11,8%</i>
<i>Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt</i>	<i>7,8%</i>	<i>12,1%</i>	<i>9,4%</i>	<i>8,2%</i>	<i>9,5%</i>
<i>Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar</i>	<i>60,7%</i>	<i>51,0%</i>	<i>59,9%</i>	<i>64,3%</i>	<i>63,5%</i>

**Tafla 9: Efnahagsreikningur Arion banka (m.kr.)**

	2016	2015	2014	2013	2012
Handbært fé og innstæður hjá Sí	87.634	48.102	21.063	37.999	29.746
Lán til lánastofnana	80.116	87.491	108.792	102.307	101.011
Lán til viðskiptavina	712.422	680.350	647.508	635.774	566.610
Hlutabréf	27.035	35.504	25.232	17.449	16.844
Skuldabréf	69.565	78.794	66.466	62.171	117.730
Aðrir fjármálagerningar	20.856	18.893	10.130	6.921	3.226
Aðrar eignir	38.396	61.909	54.545	76.229	65.508
<b>Samtals eignir</b>	<b>1.036.024</b>	<b>1.011.043</b>	<b>933.736</b>	<b>938.850</b>	<b>900.675</b>
Skuldir við innlánsstofnanir	7.987	11.387	22.876	28.000	32.990
Innlán frá viðskiptavinum	412.064	469.347	454.973	471.866	448.683
Lántaka	339.476	256.058	200.580	204.568	195.085
Víkjandi lán	0	10.365	31.639	31.918	34.220
Aðrar skuldir	65.113	61.992	61.456	57.552	58.819
<b>Samtals skuldir</b>	<b>824.640</b>	<b>809.149</b>	<b>771.524</b>	<b>793.903</b>	<b>769.797</b>
Eigið fé hluthafa	211.212	192.786	160.711	140.089	127.072
Eigið fé minnihluta	172	9.108	1.501	4.858	3.806
<b>Samtals eigið fé</b>	<b>211.384</b>	<b>201.894</b>	<b>162.212</b>	<b>144.947</b>	<b>130.878</b>
<b>Samtals skuldir og eigið fé</b>	<b>1.036.024</b>	<b>1.011.043</b>	<b>933.736</b>	<b>938.850</b>	<b>900.675</b>

## ■ Íslandsbanki

Hagnaður Íslandsbanka nam 20,2 ma.kr. árið 2016 og dróst hagnaður bankans saman um 0,4 ma.kr. milli ára en hagnaðurinn nam 20,6 ma.kr. á árinu 2015. Afkoma grunnrekstrar eða reglulegs rekstrar batnaði milli rekstraráranna 2015 og 2016 en bæði hreinar vaxtatekjur og þóknatekjur jukust á milli ára. Reglulegur kostnaður hækkaði þó hlutfallslega meira á milli ára. Hagnaður af reglulegum rekstri eftir reiknaða skatta nam 13,9 ma.kr. árið 2016 en nam 13,1 ma.kr. árið áður. Hreinar vaxtatekjur jukust um 1,8 ma.kr. milli ára sem skýrist að hluta af aukinni verðbólgu milli ára, en verðtryggingarjöfnuður bankans er jákvæður í lok árs um 60,9 ma.kr. en var jákvæður um 46,8 ma.kr. í lok árs 2015 og því hefur meiri verðbólga jákvæð áhrif á vaxtamun. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna nam 3,04% árið 2016 en var 2,86% fyrir árið 2015. Aukinn vaxtamunur má skýra með herra vaxtaumhverfi og herra eigin fé. Hreinar þóknatekjur jukust um 0,6 ma.kr. á milli ára á meðan reglulegur rekstarkostnaður jókst um 1,7 ma.kr. Aukning hreinna vaxtatekna var 1,8 ma.kr. á milli ára.

**Tafla 10: Reglulegur rekstur Íslandsbanka (fjárhæðir í m.kr.)**

	2016	2015	2014	2013	2012
Hreinar vaxtatekjur	31.802	28.010	27.105	28.430	32.940
Hreinar þjónustutekjur	13.723	13.170	11.483	10.433	9.459
<b>Samtals reglulegar tekjur</b>	<b>45.525</b>	<b>41.180</b>	<b>38.588</b>	<b>38.863</b>	<b>42.399</b>
Laun og launatengd gjöld	14.789	13.891	13.307	13.361	13.080
Annar rekstrarkostnaður	10.260	9.061	8.631	11.118	10.606
Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	372	808	963	1.072	903
Framlag í Tryggingarstjóð innstæðueigenda	1.063	1.067	1.055	1.016	1.055
<b>Samtals reglulegur kostnaður</b>	<b>26.484</b>	<b>24.827</b>	<b>23.956</b>	<b>26.567</b>	<b>25.644</b>
<i>Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar</i>	<i>58,2%</i>	<i>60,3%</i>	<i>62,1%</i>	<i>68,4%</i>	<i>60,5%</i>
Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatta	19.041	16.353	14.632	12.296	16.755
<b>Afkoma af reglulegum rekstri eftir skatta</b>	<b>15.233</b>	<b>13.082</b>	<b>11.706</b>	<b>9.837</b>	<b>13.404</b>
<i>Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatta</i>	<i>10,2%</i>	<i>8,6%</i>	<i>8,4%</i>	<i>7,9%</i>	<i>12,4%</i>
<i>Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatta</i>	<i>8,2%</i>	<i>6,8%</i>	<i>6,7%</i>	<i>6,3%</i>	<i>10,0%</i>

Hreinar fjármunatekjur Íslandsbanka voru neikvæðar um 90,0 m.kr. á árinu 2016 en voru jákvæðar um 3,9 ma.kr. árið 2015. Afkoma af kjarnarekstri eftir skatta nam 13,8 m.kr. samanborið við 16,2 ma.kr. árið 2015.

**Tafla 11: Kjarnarekstur Íslandsbanka (fjárhæðir í m.kr.)**

	2016	2015	2014	2013	2012
Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatt	19.041	16.353	14.632	12.296	16.755
Hreinar fjármunatekjur	-90	3.881	1.793	4.612	2.655
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt	18.951	20.234	16.425	16.908	19.410
<b>Afkoma af kjarnarekstri eftir skatt</b>	<b>15.161</b>	<b>16.187</b>	<b>13.140</b>	<b>13.526</b>	<b>15.528</b>
<i>Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt</i>	<i>10,2%</i>	<i>10,6%</i>	<i>9,4%</i>	<i>10,8%</i>	<i>14,4%</i>
<i>Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt</i>	<i>8,1%</i>	<i>8,5%</i>	<i>7,5%</i>	<i>8,7%</i>	<i>11,5%</i>
<i>Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar</i>	<i>58,3%</i>	<i>55,1%</i>	<i>59,3%</i>	<i>61,1%</i>	<i>56,9%</i>

**Tafla 12: Efnahagsreikningur Íslandsbanka (m.kr.)**

	2016	2015	2014	2013	2012
Handbært fé og innstæður hjá Sí	275.453	216.760	103.389	111.779	85.500
Lán til lánastofnana	17.645	35.534	35.072	44.078	54.043
Lán til viðskiptavina	687.840	665.711	634.799	554.741	557.857
Hlutabréf	10.626	18.320	10.531	9.208	10.445
Skuldabréf	31.256	78.606	87.347	75.186	64.035
Aðrir fjármálagerningar	1.953	1.981	1.810	843	127
Aðrar eignir	22.781	28.857	38.380	70.174	51.368
<b>Samtals eignir</b>	<b>1.047.554</b>	<b>1.045.769</b>	<b>911.328</b>	<b>866.009</b>	<b>823.375</b>
Skuldir við innlánsstofnanir	4.922	25.631	25.796	29.689	38.272
Innlán frá viðskiptavinum	594.187	593.245	529.447	489.331	471.156
Lántaka	212.468	150.308	96.889	89.193	66.571
Víkjandi lán	0	19.517	21.306	21.890	23.450
Aðrar skuldir	57.052	54.841	52.403	68.588	76.266
<b>Samtals skuldir</b>	<b>868.629</b>	<b>843.542</b>	<b>725.841</b>	<b>698.691</b>	<b>675.715</b>
Eigið fé hluthafa	174.702	198.290	183.823	166.019	146.405
Eigið fé minnihluta	4.223	3.937	1.664	1.299	1.255
<b>Samtals eigið fé</b>	<b>178.925</b>	<b>202.227</b>	<b>185.487</b>	<b>167.318</b>	<b>147.660</b>
<b>Samtals skuldir og eigið fé</b>	<b>1.047.554</b>	<b>1.045.769</b>	<b>911.328</b>	<b>866.009</b>	<b>823.375</b>

## ■ Landsbankinn

Bókhaldsleg afkoma Landsbankans lækkaði umtalsvert á milli árunna 2015 og 2016 og nam hagnaður ársins 2016 16,6 ma.kr. samanborið við hagnað upp á 36,5 ma.kr. árið áður. Viðsnúninginn má rekja til nokkurra þátta. Stærsti einstaki liðurinn snýr að virðisbreytingum útlána en Landsbankinn var með jákvæða færslu á árinu 2015 að fjárhæð 18,2 ma.kr. en neikvæða færslu að fjárhæð 318,0 m.kr. á árinu 2016. Tekjur af hlutabréfum, skuldabréfum og öðrum tekjum drógust einnig verulega saman á milli ára eða um 10,0 ma.kr. eftir miklar hækkunir á innlendum mörkuðum á árinu 2015. Hreinar vaxtatekjur jukust um 2,3 ma.kr. milli ára eða um 7,2% og hreinar þóknatekjur um 1,0 ma.kr. sem samsvarar 14,2% hækkun. Afkoma bankans af reglulegum rekstri eftir skatta nam 15,2 ma.kr. á árinu 2016 samanborið við 12,3 ma.kr. árið 2015. Tekjur af reglulegri starfsemi aukast um 8,4% á milli ára á meðan kostnaður lækkaði á milli ára annað árið í röð. Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar var 55,4% en var 60,6% á árinu 2015. Vaxtamunur heldur áfram að aukast og var 3,1% á árinu 2016 en var 2,9% á árinu 2015. Verðtryggingarjöfnuður bankans var jákvæður um 207,0 ma.kr. en var 169,0 ma.kr. í lok árs 2015. Hækkun vísitölu neysluverðs um 1,0% að öðru óbreyttu m.v. áramótastöðu hækkar vaxtatekjur bankans um 2,1 ma.kr. Afkoma reglulegs rekstrar eða grunnrekstrar bankans nam 15,2 ma.kr. samanborið við 12,3 ma.kr. árið 2016 og arðsemi reglulegs rekstrar hækkaði úr 4,8% fyrir árið 2015 í 5,9% árið 2016.

**Tafla 13: Reglulegur rekstur Landsbankans (fjárhæðir í m.kr.)**

	2016	2015	2014	2013	2012
Hreinar vaxtatekjur	34.650	32.324	28.073	34.314	35.584
Hreinar þjónustutekjur	7.809	6.841	5.836	5.291	4.448
<b>Samtals reglulegar tekjur</b>	<b>42.459</b>	<b>39.165</b>	<b>33.909</b>	<b>39.605</b>	<b>40.032</b>
Laun og launatengd gjöld	14.049	13.754	13.567	12.613	13.176
Annar rekstrarkostnaður	7.586	8.061	8.545	8.050	9.168
Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	611	663	942	818	719
Framlag í Tryggingarstjóð innstæðueigenda	1.268	1.254	1.034	1.079	1.042
<b>Samtals reglulegur kostnaður</b>	<b>23.514</b>	<b>23.732</b>	<b>24.088</b>	<b>22.560</b>	<b>24.105</b>
<i>Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar</i>	<i>55,4%</i>	<i>60,6%</i>	<i>71,0%</i>	<i>57,0%</i>	<i>60,2%</i>
Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatta	18.945	15.433	9.821	17.045	15.927
<b>Afkoma af reglulegum rekstri eftir skatta</b>	<b>15.156</b>	<b>12.346</b>	<b>7.857</b>	<b>13.636</b>	<b>12.742</b>
<i>Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatta</i>	<i>7,3%</i>	<i>6,0%</i>	<i>4,0%</i>	<i>7,3%</i>	<i>7,5%</i>
<i>Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatta</i>	<i>5,9%</i>	<i>4,8%</i>	<i>3,2%</i>	<i>5,8%</i>	<i>6,0%</i>

Hlutfallslega hefur vægi fjármunatekna verið mun hærra hjá Landsbankanum en hinum bönkunum, enda bindur hann mun hærra hlutfall eigna sinna í fjármálagerningum. Þetta hlutfall hefur þó lækkað verulega og í lok árs 2016 námu fjármálagerningar 16% af heildareignum bankans en voru 21% í lok árs 2015. Fjármunatekjur Landsbankans lækkuðu umtalsvert á milli ára og námu 1,8 ma.kr. á árinu 2016 en voru 12,7 ma.kr. á árinu 2015. Þennan viðsnúning má að mestu leyti rekja til óhagfelldra markaðsaðstæðna. Arðsemi kjarnarekstar eftir reiknaða skatta fór því úr 8,7% árið 2015 í 6,4% fyrir árið 2016.

**Tafla 14: Kjarnarekstur Landsbankans (fjárhæðir í m.kr.)**

	2016	2015	2014	2013	2012
Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatt	18.945	15.433	9.821	17.045	15.927
Hreinar fjármunatekjur	1.755	12.726	6.763	10.552	7.872
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt	20.700	28.159	16.584	27.597	23.799
<b>Afkoma af kjarnarekstri eftir skatt</b>	<b>16.560</b>	<b>22.527</b>	<b>13.267</b>	<b>22.078</b>	<b>19.039</b>
<i>Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt</i>	<i>8,0%</i>	<i>10,9%</i>	<i>6,7%</i>	<i>11,8%</i>	<i>11,2%</i>
<i>Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt</i>	<i>6,4%</i>	<i>8,7%</i>	<i>5,4%</i>	<i>9,5%</i>	<i>9,0%</i>
<i>Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar</i>	<i>53,2%</i>	<i>45,7%</i>	<i>59,2%</i>	<i>45,0%</i>	<i>50,3%</i>



**Tafla 15: Efnahagsreikningur Landsbankans (m.kr.)**

	2016	2015	2014	2013	2012
Handbært fé og innstæður hjá Sí	30.662	25.164	10.160	21.520	25.898
Lán til lánastofnana	20.408	20.791	49.789	67.916	64.349
Lán til viðskiptavina	853.417	811.549	718.355	680.468	666.087
Hlutabréf	26.688	29.192	29.433	36.275	36.881
Skuldabréf	154.892	203.684	243.589	290.595	228.208
Aðrir fjármálagerningar	278	287	78	654	1.043
Aðrar eignir	24.812	27.991	46.966	54.088	62.321
<b>Samtals eignir</b>	<b>1.111.157</b>	<b>1.118.658</b>	<b>1.098.370</b>	<b>1.151.516</b>	<b>1.084.787</b>
Skuldir við innlánsstofnanir	20.093	56.731	53.827	167.218	98.718
Innlán frá viðskiptavinum	589.725	559.051	551.435	456.662	421.058
Lántaka	223.944	209.344	207.028	239.642	309.265
Víkjandi lán	388	639	0	0	0
Aðrar skuldir	25.776	28.362	35.277	46.635	30.580
<b>Samtals skuldir</b>	<b>859.926</b>	<b>854.127</b>	<b>847.567</b>	<b>910.157</b>	<b>859.621</b>
Eigið fé hluthafa	251.204	264.501	250.803	241.366	225.071
Eigið fé minnihluta	27	30	0	-7	95
<b>Samtals eigið fé</b>	<b>251.231</b>	<b>264.531</b>	<b>250.803</b>	<b>241.359</b>	<b>225.166</b>
<b>Samtals skuldir og eigið fé</b>	<b>1.111.157</b>	<b>1.118.658</b>	<b>1.098.370</b>	<b>1.151.516</b>	<b>1.084.787</b>

## ■ Sparisjóður Austurlands hf.

Sparisjóður Austurlands hf. skilaði bókhaldslegri afkomu eftir skatt að fjárhæð 60,0 m.kr. á árinu 2016.

Heildareignir sjóðsins voru í árslok 2016, 6.175,0 m.kr. en voru 6.057,8 m.kr. í árslok 2015 og jukust um 117,0 m.kr. á milli ára. Bókfært eigið fé sjóðsins í lok árs nam 786,7 m.kr. og eiginfjárlutfall sjóðsins reiknað samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 23,1%. Til samanburðar nam eigið fé sjóðsins 726,7 m.kr. á síðasta ári og eiginfjárlutfallið var 23,0%. Eiginfjárfrafan sem Fjármálaeftirlitið gerir til sjóðsins út frá SREP ferli er 16,9% og var það mat gert í júlí 2013. Endurmat á þeirri kröfu stendur nú yfir. Fjármálaeftirlitið er með í innleiðingu eiginfjárrauka sem munu hafa áhrif til hækkunar á eiginfjárförfunni sem hækkar í áföngum til ársins 2019. Heildarkrafan var 19,4% í árslok 2016.

Hluthafar voru 93 í lok árs og nam hlutafé sparisjóðsins 700,9 m.kr. Bankasýsla ríkisins fer með 49,5% hlutafjár og skipar tvo aðalmenn og einn varamann.

Hreinar vaxtatekjur voru 256,2 m.kr. og hækka um 45,2 m.kr. á milli ára eða um 21%. Vaxtamunur sjóðsins fer úr 3,6% í 4,19%. Hreinar þjónustutekjur námu 33,0 m.kr. og standa í stað á milli ára. Aðrar rekstrartekjur námu 22,1 m.kr. en voru 19,4 m.kr. árið á undan.

Launakostnaður hækkar á milli ára og er 83,1 m.kr. en var 76,8 m.kr. árið áður. Á árinu störfuðu 7,0 starfsmenn hjá sparisjóðnum í 6,6 stöðugildum. Annar rekstrarkostnaður hækkar og er 144,2 m.kr. en var 131,7 m.kr. árið áður.

Afkoma reglulegs rekstrar fyrir skatt var 64,2 m.kr. en var 41,2 m.kr. árið áður.

Kostnaðarhlutfall var 73,4% en kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar var 74,2%. Sambærilegar tölur frá fyrra ári voru 81,3% og 80,5%. Kostnaður á móti meðalstöðu heildareigna var 3,8% en var 3,6% árið áður.

**Tafla 16: Efnahagsreikningur Sparisjóðs Austurlands hf. (fjárhæðir í þús. kr.)**

	2016	2015	2014	2013	2012
Sjóður og innstæður í Sí	2.129.958	2.175.047	1.878.898	1.485.644	1.219.180
Útlán til lánastofnana	54.791	270.575	330.011	361.436	412.169
Útlán til viðskiptavina	3.703.077	3.214.274	2.948.897	2.972.555	2.568.135
Fullnustueignir	62.500	100.000	149.100	85.000	101.050
Skuldabréf	30.052	33.246	35.132	77.829	656.651
Hlutabréf	4.555	17.333	39.663	46.897	38.504
Hlutdeildarfélag	0	0	0	0	0
Aðrar eignir	190.064	247.287	220.425	228.034	246.201
<b>Eignir samtals</b>	<b>6.174.997</b>	<b>6.057.762</b>	<b>5.602.126</b>	<b>5.257.395</b>	<b>5.241.890</b>
Innlán viðskiptavina	5.303.395	5.266.364	4.784.219	4.450.448	4.447.498
Lántaka	0	0	0	0	0
Víkjandi lán	0	0	65.328	88.525	124.428
Aðrar skuldir	84.908	64.668	51.692	68.950	72.377
<b>Skuldir samtals</b>	<b>5.388.303</b>	<b>5.331.032</b>	<b>4.901.239</b>	<b>4.607.923</b>	<b>4.644.303</b>
Hlutafé	700.887	700.887	649.472	625.799	625.799
Lögbundinn varasjóður	8.581	2.584			
Óráðstafað eigið fé	77.227	23.259	51.415	23.673	-28.212
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>786.695</b>	<b>726.730</b>	<b>700.887</b>	<b>649.472</b>	<b>597.587</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>6.174.998</b>	<b>6.057.762</b>	<b>5.602.126</b>	<b>5.257.395</b>	<b>5.241.890</b>

**Tafla 17: Reglulegur rekstur Sparisjóðs Austurlands hf. (fjárhæðir í þús. kr.)**

	2016	2015	2014	2013	2012
Hreinar vaxtatekjur	256.236	211.245	219.473	193.530	168.080
Hreinar þjónustutekjur	33.006	33.163	32.501	28.824	27.878
Aðrar rekstrartekjur	22.082	19.421	18.438	21.167	14.501
<b>Samtals reglulegar tekjur</b>	<b>311.324</b>	<b>263.829</b>	<b>270.412</b>	<b>243.521</b>	<b>210.459</b>
Laun og launatengd gjöld	83.070	76.789	78.195	67.443	77.250
Annar rekstrarkostnaður	144.213	131.676	122.851	111.248	110.727
Afskriftir rekstrarfjármuna	3.824	3.824	4.519	3.519	2.881
<b>Samtals reglulegur kostnaður</b>	<b>231.107</b>	<b>212.289</b>	<b>205.565</b>	<b>182.210</b>	<b>190.858</b>
<i>Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar</i>	<i>74,2%</i>	<i>80,5%</i>	<i>76,0%</i>	<i>74,8%</i>	<i>90,7%</i>
Hagnaður (tap) f. skatt	80.217	51.540	64.847	61.311	19.601
<b>Hagnaður (tap) e. skatt</b>	<b>64.174</b>	<b>41.232</b>	<b>51.878</b>	<b>49.049</b>	<b>15.681</b>
<i>Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatt</i>	<i>10,6%</i>	<i>7,2%</i>	<i>9,6%</i>	<i>9,8%</i>	<i>3,3%</i>
<i>Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatt</i>	<i>8,5%</i>	<i>5,8%</i>	<i>7,7%</i>	<i>7,9%</i>	<i>2,7%</i>

**Tafla 18: Kjarnarekstur Sparisjóðs Austurlands hf. (fjárhæðir í þús. kr.)**

	2016	2015	2014	2013	2012
Hagnaður (tap) af reglulegum rekstri fyrir skatt	80.217	51.540	64.847	61.311	19.601
Fjármunatekjur	3.768	-6.156	17.590	41.849	18.965
<b>Hagnaður (tap) af kjarnarekstri fyrir skatt</b>	<b>83.985</b>	<b>45.384</b>	<b>82.437</b>	<b>103.160</b>	<b>38.566</b>
<b>Hagnaður (tap) af kjarnarekstri eftir skatt</b>	<b>67.188</b>	<b>36.307</b>	<b>65.950</b>	<b>82.528</b>	<b>30.853</b>
<i>Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt</i>	<i>11,1%</i>	<i>6,4%</i>	<i>12,2%</i>	<i>16,5%</i>	<i>6,6%</i>
<i>Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt</i>	<i>8,9%</i>	<i>5,1%</i>	<i>9,8%</i>	<i>13,2%</i>	<i>5,2%</i>
<i>Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar</i>	<i>73,3%</i>	<i>82,4%</i>	<i>71,4%</i>	<i>63,9%</i>	<i>83,2%</i>

**Tafla 19: Lykiltölur Sparisjóðs Austurlands hf. (fjárhæðir í þús. kr.)**

	2016	2015	2014	2013	2012
Bókhaldsleg afkoma eftir skatt	59.964	25.843	51.415	51.883	19.216
Arðsemi bókhaldslegrar afkomu e. skatt	7,9%	3,6%	7,6%	8,3%	3,3%
Vaxtamunur	4,2%	3,6%	4,0%	3,7%	3,2%
Kostnaður/Meðalstaða heildareigna	3,8%	3,6%	3,8%	3,5%	3,6%
Kostnaðarhlutfall bókhaldslegrar afkomu	73,4%	81,3%	71,7%	66,8%	78,8%
CAD eiginfjárhlutfall	23,1%	23,0%	21,7%	19,2%	18,6%
Heildareignir	6.174.998	6.057.762	5.602.126	5.257.395	5.241.890